



Viðauki 12 Umsagnir umsagnaraðila um frummatsskýrslu

Nr.	Umsagnaraðili
1	Orkustofnun
2	Minjastofnun
3	Ferðamálastofa
4	Þingeyjarsveit
5	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
6	Fiskistofa
7	Náttúrufræðistofnun Íslands
8	Landgræðslan
9	Umhverfisstofnun
10	Náttúruverndarnefnd Þingeyinga
11	Skútustaðahreppur

Sigurður Ásbjörnsson
Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. september 2017
Tilvísun: OS2017090005/22.2
Verknúmer: 1090000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frummatsskýrsla fyrir Svartárvirkjun

Vísað er í bréf Skipulagsstofnunar, dags. 5. september sl., þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um frummatsskýrsla fyrir Svartárvirkjun, allt að 9,8 MW virkjun Svartár í Bárðardal í Þingeyjarsveit vegna mats á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð 9,8 MW Svartárvirkjun, stíflu og inntaksmannvirki ofan við Grjótá, jöfnunarþró og frárennslisskurður frá stöðvarhúsi ofan við ármót við Skjálfandafljót, er háð virkjunarleyfi frá Orkustofnun, sbr. ákvæði í 1. mgr. 4. gr. raforkulaga. Af því leiðir að til stofnunarinnar mun eftir atvikum berast umsókn HS Orku hf. um virkjunarleyfi fyrir virkjunina. Orkustofnun tekur einnig mið af ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923 m.s.br. Samkvæmt ákvæðum vatnalaga fer Orkustofnun með stjórnslu og eftirlit samkvæmt lögunum að svo miklu leyti sem lög mæla ekki fyrir um annað, sbr. 2. mgr. 143. gr. laganna. Ef framkvæmd vatnsmiðlunar er liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu skal miðlunarleyfið talið hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum og skal þá leita leyfis í samræmi við þau lög.

Fyrirhuguð Svartárvirkjun er ekki háð mati á umhverfisáhrifum, samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, sem kveður á um að framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A í 1. viðauka, við löggin skuli ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Vatnsorkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira eru þannig háðar slíku mati, sbr. 1. viðauka 3.02. tl. en vatnsorkuver með uppsett rafafli meira en 200 kW en minna en 10 MW eru tilkynningaskyld sbr. 1. viðauka 3.22. tl. Uppsett rafafli hinnar fyrirhuguðu virkjunar er ætlað vera 9,8 MW.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. raforkulaga getur Orkustofnun sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis, m.a. skilyrði er lúta að umhverfisvernd og landnýtingu. Þannig tekur Orkustofnun mið af mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna við, eftir atvikum, leyfisveitingu sína. Unnt er að kæra ákvarðanir Orkustofnunar varðandi leyfisveitingu, af eða á, til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 37. gr. raforkulaga.

Þar sem heimilt er að binda virkjunarleyfi skilyrðum sem varða m.a. skilyrði er lúta að umhverfisvernd og landnýtingu eins og áður sagði, er nauðsynlegt að fyrir liggi afstaða Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum áður en afstaða til virkjunarleyfis er tekin af hálfu Orkustofnunar, komi til þess og hvort af slíkri leyfisveitingu verði eða ekki.

Orkustofnun gerir ekki athugasemdir við þá skýrslu sem fylgdi erindinu en bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsóknar um virkjunarleyfi á grundvelli raforkulaga, komi til þess.

Virðingarfyllst,



Skúli Thoroddsen



Linda Georgsdóttir



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík 28. september 2017
MÍ201709-0037/ 6.07 / K.M.

Efni: Svartárvirkjun.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 5. sept. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Framkvæmdin felst í því annars vegar að reisa virkjun í Svartá í Bárðardal í Þingeyjarsveit og hins vegar að leggja jarðstreng ásamt ljósleiðara frá stöðvarhúsinu í Bárðardal yfir Mývatns- og Laxárdalsheiði að tengivirki Landsnets við Laxá. Einnig kemur til greina að leggja streng meðfram Bárðardalsvegi eystri að Kröflulínu 1 við Kálfborgará þar sem reist yrði nýtt tengivirki. Hér á eftir verður fjallað um þessa tvo hluta verkefnisins hvorn í sínu lagi.

Svartárvirkjun.

Framkvæmdir við Svartárvirkjun felast í byggingu stíflu- og inntaksmannvirkis, lagningu aðrennslispípu að stöðvarhúsi, byggingu sveiflujöfnunarþróar á leið aðrennslispípu, byggingu stöðvarhúss, gerð frárennslisskurðar og slóða og vegagerð. Fornleifar hafa verið skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Fornleifastofnun Íslands ses skráði minjarnar og birtust niðurstöður skráningarinnar í skýrslu, *Deiliskráning fornleifa vegna mats á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar*. Skýrslan er frá árinu 2014. Árið 2015 kom úr skýrsla Fornleifastofnunar, *Fornleifaskráning vegna jarðstrengs frá Svartárvirkjun að Laxárdalsvirkjun og mannvirkja í Bárðardal*. Auk jarðstrengsleiðarinnar er þar gerð er grein fyrir skráningu fornleifa vegna nýrrar staðsetningar þrýstipípu og stöðvarhúss.

Taka þarf tillit til eftirtalinna fornleifa vegna framkvæmda við Svartárvirkjun (skáletraður texti er úr skýrslum Fornleifastofnunar Íslands ses):

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuminni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Garðlag og þúst (SP-177:015). Óljós þúst og hálfhringlaga gerði er á norðvesturbakka lækjargils um 90 m norðvestan við býli 022. Miðlína fyrirhugaðrar þrýstipípu Svartárvirkjunar liggur í gegnum mitt gerðið og 10 m suðvestan við þústina. Meintar minjar eru í grónum móa. Þar vex fjalldrapi, mosi og gras. Minjarnar eru á svæði sem er 62x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi í lýsingu hér á eftir. Gerði A afmarkar minjasvæðið að norðvestanverðu en það er hlaðið á lága, náttúrulega brún og er 62x20 m að stærð. Það nær ekki alveg niður að bakka lækjargilsins. Gerðið er torfhlaðið, alveg útflatt og virðist vera 2 m á breidd þó að ytri brún þess sjáist víðast ekki. Þústin er á bakka lækjargilsins, litlu norðaustan við mitt gerðið. Hún er um 12x6 m að stærð og snýr norður-suður. Henni hallar lítillega til suðurs og er um 0,2 m á hæð. Bæði gerðið og þústin eru mjög óljósar minjar og ekki útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða. Þær eru nálægt fornu býli 022 og gætu tengst búsetu þar. Ekki er fullljóst hvaða hlutverki minjarnar gegndu en gerðið hefur þjónað sem aðhald fyrir skepnur eða afmarkað lítið tún og þústin er að líkindum af einhvers konar skepnuhúsi. Í frummatsskýrslu kemur fram að gert er ráð fyrir að raskað svæði í línu aðrennslispípu verði á bilinu 15-40 m að breidd. Framkvæmdir við pípu munu því bæði raska gerðinu og þústinni. Minjastofnun Íslands telur að fá þurfi fornleifafræðing til að grafa könnunarskurð í garðlagið og þústina til að skera úr um hvort um forn mannvirki eða náttúrumyndun er að ræða. Ef í ljós kemur að þetta eru mannvirki ætti könnunarskurður að geta gefið vísbendingar um hlutverk þeirra og aldur. Niðurstaða slíkrar rannsóknar gæti þó leitt til þess að kanna þurfi þústina betur með fornleifauppgreftri.

Tóft og garðlag (SP-177:016). „Sunnar, þar sem Svartá beygir, heitir Hagaeyri, og hæðin ofan við eyrina heitir Hagaeyrarhall. Nær brún sunnan til er tóftabrot, Geitakofi, og heitir einnig Girðing,“ segir í örnefnalýsingu. Geitakofi er 30 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu, skammt frá Svartá. Þar er tóft, vallargarður og tvær gryffur. Tóftin er 30 m frá legu aðrennslispípu og nyrsti hluti garðsins enn nær. Mögulega er hægt að koma í veg fyrir rask á fornleifunum með því að girða þær af á meðan á framkvæmd stendur. Ef það er ekki hægt, t.d. ef raskað svæði í línu aðrennslispípu verður að vera mjög breitt á þessum stað, þarf að mati Minjastofnunar Íslands að fá fornleifafræðing til að grafa könnunarskurð í garðinn og tóftina til að reyna að komast að gerð þeirra og til að fá vísbendingar um hlutverk þeirra og aldur. Niðurstaða slíkrar rannsóknar gæti leitt til þess að kanna þurfi tóftina betur með fornleifauppgreftri.

Garðlag (SP-177:017). „Kiðuklöpp er þar efst við gilið, þar sem tunggirðingin liggur að ánni,“ segir í örnefnalýsingu. Kiðuklöpp er náttúrulegur hraunhryggur en árið 1897 var hlaðið garðlag eftir honum endilöngum, að sögn Jóns Gústafssonar, heimildamanns. Garðlagið er rúmum 20 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu. Á stuttum kafla er annað og líklega yngra garðlag

nokkrum metrum vestar... Í garðlögunum er einföld grjóthleðsla, allt frá einni steinaröð og upp í 3-5 umför. Norðurendi lengra garðlagsins mun að öllum líkindum raskast vegna framkvæmda við aðrennslispípuna. Minjastofnun Íslands telur að ekki þurfi að rannsaka garðlögin frekar en minnir á að sækja þarf um leyfi Minjastofnunar Íslands til að raska fornleifum sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012). Þá telur stofnunin að merkja þurfi þann hluta garðlaganna sem ekki raskast vegna framkvæmdanna á meðan á þeim stendur til að koma í veg fyrir óþarfa skemmdir á þeim.

Bæjarstæði (SP-177:022). *"Hér vestan undir melnum vestur af Kolagili [021] er Kolagilsflötur. Vestur og norður af Kolagilsfletinum er eyðibýli, sem enginn veit nafn á," segir í örnefnalýsingu. Býlið er um 1,5 km suðaustan við bæ 001... Minjarnar eru uppi á holtsbrún og í mýri vestan undir henni. Minjasvæðið er að mestu leyti gróið, mýrin er grasi vaxin og holtið er vaxið lyngi og kjarri. Stór uppblásin svæði eru norðan, austan og sunnan við minjasvæðið. Sunnan við mitt minjasvæðið er uppspretta sem rennur í hlykkjum til vesturs. Sýnilegar minjar um býlið eru á svæði sem er um 270x210 m að stærð og snýr norður-suður. Innan þess eru tvö garðlög og 10 tóftir. Flestar tóftirnar eru við suðausturjaðar túnsins. Tvöfalt gerði virðist hafa verið umhverfis túnið. Þegar forleifarnar voru skráðar var fyrirhugað að aðrennslispípa Svartárvirkjunar lægi í gegnum minjasvæðið en þegar umfang þess varð ljóst var lega pípunnar færð nær ánni og fjær sjálfu býlinu. Í fornleifaskráningarskýrslu frá 2015 er lega tveggja túngarða (SP-177:022M og N) sem tilheyra minjasvæði býlisins sýnd á loftmynd (sérkort 24). Á bls. 65 í sömu skýrslu segir að hluti túngarðs umhverfis býli SP-177:022 lendi innan úttektarsvæðis þrýstipípunnar. Ljóst er að aðrennslispípan mun liggja mjög nærri túngörðum sem tilheyra býlinu og hugsanlega verður ekki komist hjá því að raska þeim. Minjastofnun Íslands telur að girða þurfi minjasvæðið af á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að fornleifarnar raskist af vangá. Verði ekki hægt að komast hjá raski á einhverjum hluta túngarða vestast á svæðinu þarf að fá fornleifafræðing til að grafa könnunarskurði í þá til að fá megi betri mynd af gerð þeirra og aldri.*

Varða (SP-177:029). *Lítill varða er um 260 m sunnan við býli 022 og um 2 km SSA við bæinn á Bjarnastöðum 001. Varðan er fast ANA við fyrirhugaða þrýstipípu Svartárvirkjunar og er innan helgisvæðis hennar. Varðan er á grýttu, uppblásnu holti. Minjastofnun Íslands telur að merkja þurfi vörðuna með áberandi hætti, t.d. með veifu í nágrenni hennar, á meðan á framkvæmdum stendur.*

Tóft, þúst og garðlag (SP-177:030). *Stór tóft auk meintrar þústar og garðlags eru um 1,3 km suðaustan við bæ 001 og um 70 m sunnan við vörðu 031. Miðlína fyrirhugaðrar þrýstipípu liggur í gegnum norðaustanverða tóftina og 3 m suðvestan við þúst og garðlag. Minjarnar eru suðvestan undir gróðurlitlu klapparholti í móa sem er vaxinn grasi, lyngi og kjarri. Mýrlent er allt í kring nema til*

norðausturs þar sem klapparholtið er. Minjarnar eru á svæði sem er 96x20 m að stærð og snýr NNV-SSA. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er í SSA-enda svæðisins. Hún er um 30x14 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hægt er að greina eitt nokkuð skýrt hólfi í suðausturenda hennar sem er um 13x8 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekki er skýrt op á hólfinu eða tóftinni. Kindagötur liggja austur-vestur yfir norðvesturhluta tóftarinnar og hefur sá hluti aflagast af þeim sökum en þar er annað hólfi sem er 5x6 m að innanmáli og snýr líka norðvestur-suðaustur. Mesta hæð veggja er á suðvesturhlíð þar sem þeir eru um 1 m á hæð. Annarsstaðar eru þeir lægri og er innanmál tóftar fremur óskýrt. Tóftin er líklega torf- og grjóthlaðin en þó sést ekki í grjóthleðslur vegna gróðurs. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Mögulega er hún af gömlum beitarhúsum en lögun tóftar auk fjarlægðar frá bæ gefur það helst til kynna. Ef hér er um beitarhús að ræða hafa þau verið allstór. Þúst B er um 5 m norðan við tóft A. Hún er mjög óljós en sker sig úr umhverfinu vegna þess að á henni vex aðeins gras en ekki fjalldrapi. Hún er um 8x5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er um 0,1 m á hæð. Frá þústinni liggur óljóst garðlag C til NNV á 45 löngum kafla og sveigir svo til norðausturs á 18 m löngum kafla og endar ofarlega í klapparholti. Garðurinn er í halla til suðvesturs. Hann er útflattur, 0,1 m á hæð og 1,5 m á breidd. Fornleifarnar munu raskast vegna framkvæmda við aðrennsliþípu. Minjastofnun Íslands telur að rannsaka þurfi tóft A með fornleifauppgreftri. Grafa þarf könnunarskurð í þúst B til að kanna hvort um mannvirki er að ræða eða ekki. Niðurstaða rannsóknarinnar kann að leiða til þess að rannsaka þurfi þústina betur með fornleifauppgreftri. Grafa þarf könnunarskurð í garðinn til að fá betri hugmynd um gerð hans og aldur.

Varða (SP-177:031). Varða er um 1,4 km suðaustan við bæ 001 og um 65 m norðan við tóft 030. Hún er 45 m norðaustan við miðlínu fyrirhugaðra þrýstipípu. Minjastofnun Íslands telur að merkja þurfi vörðuna með áberandi hætti, t.d. með veifu í nágrenni hennar, á meðan á framkvæmdum stendur.

Garðlag (SP-177:034). Sigið og ógreinilegt garðlag liggur frá meintu gerði 015 til norðurs þar sem það hverfur nærri lækjargili. Garðurinn er 27 m norðaustan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu og liggur nokkurn veginn samsíða henni. Garðurinn er á fremur sléttlendu svæði milli tveggja lækjargilja. Svæðið er grasi vaxið en fjalldrapi er hér og hvar. Garðurinn er torfhlaðinn, 67 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Hann er 1-1,5 m á breidd og nær varla 0,2 m hæð þar sem hann er hæstur. Garðurinn er fornlegur og líklegt að hann tengist búsetu í býli 022. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hann gegndi en líklega er um vörslugarð að ræða. Minjastofnun Íslands telur að grafa þurfi könnunarskurð í garðinn til að fá betri hugmynd um gerð hans og aldur.

Varða (SP-177:037). Vörðubrot er um 2 m norðaustan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstípípu í brekku sem hallar til vesturs niður að grjóthrygg... Varðan er hrunin eða grjót borið úr henni þannig að lítið er eftir nema grunnur hennar. Vörðuna þarf að fjarlægja vegna framkvæmda við aðrennslispípu. Minjastofnun Íslands telur að skráning vörðunnar sé fullnægjandi mótvægisáðgerð en minnir á að sækja þarf um leyfi Minjastofnunar Íslands til að raska fornleifum sbr. 21. gr. laga um menningarminjar.

Tóft (SP-176:031). Lítil, grjóthlaðin tóft er á flatlendi austan við Svartá um 250 m norðan við þúst 032 og um 1,9 km VSV við bæinn í Víðikeri 001. Tóftin er fast austan við fyrirhugaðan aðrennslisskurð Svartárvirkjunar og veg samsíða honum. Hún er rétt utan helgunarsvæðis þessara mannvirkja en alveg við jaðar þess og er því höfð með í skýrslu og telst í hættu vegna nálægðar við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Tóftin er á blásnum grjótmel. Tóftin er hlaðin vestan undir allmiklu bjargi og minnir helst á smalakofa eða skotbyrgi en hlutverk hennar er ekki þekkt. Tóftin er einföld, um 2,5x1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki sést skýrt op á henni. Hæð veggja er aðeins um 0,3 m og sjást tvö umför í hleðslu. Nokkrir steinum hefur verið raðað ofan á bjargið sem tóftin er byggð við, ef til vill er það hrunin varða sem hefur átt að merkja staðinn. Minjastofnun Íslands telur að merkja þurfi tóftina með áberandi hætti, t.d. með veifu í nágrenni hennar, á meðan á framkvæmdum stendur.

Þúst (SP-176:032). Allstór þúst er á eystri bakka Svartár um 250 m sunnan við hleðslu 031 og um 2 km suðvestan við bæinn í Víðikeri 001. Þústin er fast vestan við fyrirhugaðan aðrennslisskurð Svartárvirkjunar og innan helgunarsvæðis hans. Þústin er í lyngmóa sem virðist hafa gróið aftur eftir uppblástur. Gróðurlaust svæði er sunnan og austan við þústina. Fram af henni til vesturs er allhátt niður í Svartá. Þústin er gróin og er hún um 10x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er fremur flöt að ofan og er hæst um 0,5 m. Mögulegt er að ummerkin séu aðeins náttúrumyndun. Þústin er mjög nærri inntaksvirki og stíflu virkjunarinnar og fyrirhuguðum slóða. Minjastofnun Íslands telur að grafa þurfi könnunarskurð í þústina til að kanna hvort um mannvirki er að ræða eða ekki. Niðurstaða rannsóknarinnar kann að leiða til þess að rannsaka þurfi þústina betur með fornleifauppgreiftri.

Garðlag (SP-176:033). Uppblásið garðlag er á austurbakka Svartár um 280 m sunnan við þúst 032 og um 2,1 km suðvestan við bæinn í Víðikeri 001. Garðurinn er fast suðaustan við fyrirhugaða stíflu Svartárvirkjunar og er innan helgunarsvæðis hennar. Garðlagið virðist vera hlaðið á milli rofabarðs og árbakkans þar sem uppblástur hefur herjað en er þó að gróa upp. Garðurinn er um 20 m á lengd og liggur austur-vestur. Hann er torf- og grjóthlaðinn en á stærstum hluta er hann blásinn í grjót. Hann er hæstur um 0,4 m en víðast er hann um 0,2 m á hæð og er um 1,5 m á breidd. Ekki sést fjöldi umfara.

Líklegt er að garðurinn hafi verið hlaðinn til að hefta uppblástur eða rof. Í lýsingunni segir að að garðurinn sé fast suðaustan við fyrirhugaða stíflu virkjunarinnar. Skv. mynd 5.20 í frummatsskýrslu er hann nokkuð sunnan við stífluna en á bakka lóns sem verður til ofan við stífluna. Ef garðinum stafa hætt af hækkun vatnsyfirborðs árinna ofan stíflunnar þarf að grafa könnunarskurð í garðinn til að fá betri hugmynd um gerð hans og aldur.

Rafstrengur og ljósleiðari.

Í frummatsskýrslu kemur fram að endanleg ákvörðun um legu rafstrengs og ljósleiðara sem tengjast munu Svartárvirkjun hefur ekki verið tekin. Tveir kostir eru til skoðunar varðandi tengingu virkjunarinnar við orkukerfið. Virkjunin verður tengd við flutningskerfið með lagningu á jarðstreng frá virkjuninni að annað hvort núverandi tengivirki Landsnets við Laxá eða að nýju tengivirki við Kröflulínu 1 við Kálfborgará í Bárðardal.

Árið 2015 voru fornleifar á fyrirhugaðri línuleið skráðar. Niðurstöðurnar birtust í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands ses, *Fornleifaskráning vegna jarðstrengs frá Svartárvirkjun að Laxárdalsvirkjun og mannvirkja í Bárðardal.*

Í frummatsskýrslu kemur fram að fornleifar voru skráðar innan 100 m beltis við fyrirhugaða rafstrengsleið frá virkjun að tengivirki í Laxárdal, á um 46 km langri leið. Alls voru skráðir 73 minjastaðir og þar af var 41 innan 30 m beltis utan um rafstrengsleiðina. Minjar innan úttektarsvæðis vegna legu jarðstrengs og hættumat þeirra eru birtar í töflu 5.13 í frummatsskýrslu. Útlínur og staðsetning minja er sýnd á loftmyndum aftast í fornleifaskráningarskýrslu. Um er að ræða minjar af ýmsu tagi, t.d. mógrafir, vörður og tóftir sem gengt hafa ólíku hlutverki. Stærstur hluti minjanna eru gamlar leiðir sem rafstrengurinn liggur ýmist nálægt eða þverar. Merkustu fornleifarnar á jarðstrengsleiðinni eru án efa fimm bæjarstaði (SP-177:10, SP-215:001, SP-215:012, SP-215:036 og SP-285:017) og kumlateigur á Halldórsstöðum. Ef lega jarðstrengsins verður eins og kynnt er í skýrslunni er ljóst að ráðast þarf í rannsóknir á nokkrum garðlögum, kolagröfum og tóftum. Þessar rannsóknir verða misumfangsmiklar.

Í frummatsskýrslu segir að breyta hafi þurft leið rafstrengs á nyrsta hluta hennar frá því sem upphaflega var áætlað ef fyrir valinu verður að tengja hann inn á tengivirki Landsnets við Laxá. Í staðinn fyrir að fara niður Laxárdalinn verður farið utan í Hvítafelli og vestan í Þorgerðarfjalli Þegjandadalsmegin. Fornleifar sem skráðar voru á jörðum í Laxárdal norðan við Mátvatn verða ekki lengur nálægt fyrirhugaðri strengleið. Þar á meðal er kumlateigur í landi Halldórsstaða. Í frummatsskýrslu segir að fyrir liggi skráning Fornleifastofnunar Íslands á minjum í Þegjandadal frá 2005 og 2006 og að farið verði með strenginn vel ofan við minjar sem þá voru skráðar í dalnum. Þá segir að fornleifafræðingur

verði fenginn til að skrá fornleifar á Laxárdalsheiði frá þeim stað er ný leið rafstrengs fer frá áður fyrirhugaðri leið að botni Þegjandadals, ef sá kostur verður valinn. Minjastofnun Íslands telur að skrá þurfi fornleifar á þeim hluta línuleiðarinnar sem ekki var skráður árið 2015 þó fyrir liggi eldri skráning á hluta þess svæðis sem breyting á línuleiðinni nær til. Leggja þarf niðurstöður skráningarinnar fyrir stofnunina sem mun þá ákveða til hvaða mótvægisáðgerða þurfi að grípa.

Í kafla 5.4.7.3 í frummatsskýrslu er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Þar segir m.a.: *Í tilfelli rafstrengsins hefur lega hans verið sett út með skoðun á loftmyndum og á vettvangi á hluta svæðisins en fyrir hefur legið að einhverjar færslur séu líklegar þegar á staðinn verður komið til að aðlaga leiðina betur að landinu. Þá gefst einnig tækifæri til að sveigja fram hjá helstu minjum sem fundust við skráningu en það er tiltöhlulega auðvelt þegar um rafstreng er að ræða. Í tilfelli svokallaðra línulegra minja s.s. langra garða og leiða sem strengurinn á að þvera getur það hins vegar orðið erfiðara og þá gefur Minjastofnun út hvað þarf að gera ef röskun á minjum er leyfð.* Minjastofnun Íslands telur mikilvægt að rafstrengurinn verði færður fjær fornleifum þannig að t.d. bæjarstæðin, með öllum minjum sem þeim tilheyra, verði utan áhrifasvæðis strengsins. Tilfærslan þarf að gerast í nánú samráði við starfsmann Minjastofnunar Íslands, minjavörð Norðurlands eystra. Í tengslum við hana kanna að vera þörf á að skrá fornleifar á svæðum sem ekki hafa verið skoðuð áður með tilliti til fornleifa. Hluti af þessari vinnu verður að meta endanleg áhrif af lagningu rafstrengsins á fornleifar. Að þeirri vinnu lokinni mun Minjastofnun Íslands setja fram kröfur um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir.

Í frummatsskýrslu er eins og áður segir kynntur sá kostur að tengja Svartárvirkjun með jarðstreng frá virkjuninni að nýju tengivirki við Kröflulínu 1. Í skýrslunni kemur fram að strengurinn muni liggja í veghelgunarsvæði út Bárðardalinn að Kálfborgará og að talið sé ólíklegt að það kalli á rask á minjum á þegar röskuðu svæði. Minjastofnun Íslands telur að ekki þurfi að skrá strengjaleiðina þar sem hún liggur í vegöxl á þegar röskuðu svæði. Hins vegar kann að þurfa að fá fornleifafræðing til að skoða hluta leiðarinnar þar sem jörð hefur ekki þegar verið raskað, t.d. er það hugsanlegt þar sem tengivirki við Kröflulínu 1 verður byggt og næst stöðvarhúsi virkjunarinnar.

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um matsskyldu Svartárvirkjunar með bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 08.01.2016. Þar kom fram að eftir ætti að skrá fornleifar á svæði norðan við svæði austan við jöfnunarþró þar sem sandnáma er fyrirhuguð. Og að hluti þess svæðis þar sem gert er ráð fyrir frárennslisskurði frá stöðvarhúsinu hafi ekki verið skráður. Í frummatsskýrslu kemur fram að fornleifafræðingur verði fenginn til að skrá þessi svæði. Þegar niðurstöður skráningarinnar liggja fyrir þarf að gera Minjastofnun Íslands gein fyrir þeim. Stofnunin mun þá ákveða hvort og þá til hvaða mótvægisáðgerða þurfi að grípa.

Í kafla 4.11 í frummatsskýrslu segir að vinnubúðir verði reistar í nágrenni við stöðvarhússvæðið. Einnig er gert ráð fyrir að skúrar með kaffi- og geymsluaðstöðu verði staðsettir við fyrirhugaða jöfnunarþró og stífluvirki. Gæta þarf þess að þessi mannvirki raski ekki fornleifum á þessum svæðum.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegur 166
150 Reykjavík

Reykjavík 26. september 2017
Tilvísun: FMS1709016 / 05.00

Efni: Umsögn um frummatsskýrslu Svartárvirkjunar, allt að 9,8 MW

Ferðamálastofu barst beiðni frá Skipulagsstofnun, dags. 5. sept. sl., um umsögn um frummatsskýrslu Svartárvirkjunar í Bárðardal, Þingeyjarsveit, allt að 9,8 MW.

Umsögn:

Ferðamálastofa telur að sérstaklega vel hafi verið gerð grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á ferðamennsku í viðauka 9 við frummatsskýrsluna. Nálgun Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála endurspeglar vel að ferðamennska er ekki eitthvað eitt og einfalt, og eru því niðurstöður hennar margbrotnar og vel ígrundaðar bæði fræðilegum ramma og athugunum og rannsóknum.

Því miður að helstu niðurstöður viðaukans ekki í samræmi við kafla 7.3 „Heildarniðurstöðu“ og samantektarkafila frummatsskýrslunnar en þar kemur eftirfarandi fram:

Áhrif framkvæmda á einstaka umhverfisþætti eru metin óveruleg til nokkuð neikvæð í flest öllum tilfellum nema áhrif á samfélag sem metin eru nokkuð jákvæð á framkvæmdatíma og áhrif á húsvæði og gróður í votlendi eru metin talsvert neikvæð staðbundið á áhrifasvæði virkjunar. Áhrif á ferðamenn eru metin frá því að vera talsvert neikvæð yfir í nokkuð jákvæð eftir því hvaða hópar eiga í hlut. Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, sem felast annars vegar í tryggingu á lágmarksrennsli og gerð fiskvegjar og hins vegar í aðlögun framkvæmda að umhverfinu og góðum frágangi að framkvæmdum loknum, er það niðurstaða framkvæmdaraðila að ekki sé talið líklegt að Svartárvirkjun hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. (Bls. iv samantektar og kafla 7.3, leturbreytingar FMS)

Hvergi í viðauka 9. er minnst á að framkvæmdin verði „nokkuð jákvæð“, sama hvaða hópur ferðamanna á í hlut. Inn í megintexta frummatsskýrslunnar er það reyndar ekki heldur að finna, nema í Heildarniðurstöðunni í kafla 7.3. Hið rétta er að í viðaukanum og megintexta eru áhrif á ferðamenn í besta falli talin óveruleg, og þá fyrir þann hóp ferðamanna sem minnst er tengdur náttúrunni. Hér er því þegar um mjög bagalega villu í heildarniðurstöðinni hvað varðar ferðamennsku.

Ennfremur er rétt að benda á að niðurstaða viðaukans er langt frá niðurstöðu samantektar og heildarniðurstöðu en í viðaukanum segir um þann hóp ferðamanna sem verður fyrir minnstum neikvæðum áhrifum:

Áhrifin á upplifun þessa hóps, eða jafnvel hluta hans, eru fyrst og fremst sjónræn. Framtíðargildi svæðisins fyrir suma ferðamenn og ferðaþjónustu getur verið lítið breytt þegar um er að ræða þá sem hafa áhuga á mannvirkjum og nýtingu endurnýjanlegrar

orku. Hins vegar er það ekki sú ferðamennska/ferðaþjónusta sem nú er stunduð á svæðinu. Svo virðist sem framtíðargildismat ferðamanna og ferðaþjónustuaðila til svæðisins fari eftir þeim hagsmunum sem þeir setja í forgang. (Viðauki, bls. 63.)

Hér eiga skýrsluhöfundar við það þessi hópur ferðamanna/ferðaþjónustu sem telja virkjunina hafa óveruleg áhrif, eru þeir sem meta samfélagshagsmuni ofar en ferðamennskuhagsmuni. Þeir sem hugsi um hagsmuni ferðamennsku hinsvegar hafi neikvæðari mynd. Hinsvegar:

Ef horft er beinlínis á hagsmuni ferðaþjónustunnar og ferðamanna virðist sem fyrst og fremst sé um tap að ræða vegna vegna tilkomu virkjunarinnar. Það sem dregur ferðamenn á svæðið er samkvæmt viðtölum náttúran á svæðinu og mannvistarlandslag sem einkennist af hefðbundnum landbúnaði. Virkjunin fellur ekki að þeirri mynd. (Viðauki bls. 62)

Það er því afar villandi að fullyrða að áhrif á ferðamenn eru metin frá því að vera talsvert neikvæð yfir í nokkuð jákvæð þegar augljóst er að niðurstaða hinnar sérstöku úttektar á ferðamennsku er að áhrifin verði fyrst og fremst neikvæð.

Niðurstaða viðaukans draga einnig fram annmarka frummatsskýrslunnar hvað varðar það að engin samanburður er gerður á milli valkosta. Hvers virði væri núllkostur, án virkjana? Mjög líklegt er að hann yrði tímanum sífellt meira virði fyrir ferðmennsku:

Með vaxandi ferðamannafjölda á Íslandi hefur þróunin verið sú að sífellt meiri eftirspurn er eftir náttúrulegum svæðum svo hægt sé að sneiða framhjá fjölförnum ferðamannastöðum. Slík svæði eru að verða vandfundin á Íslandi og á heimsvísu. Bárðardalur fellur ennþá undir þann hatt. (Viðauki, bls. 64.)

Niðurstaða Ferðamálastofu er því sú að vel hafi verið staðið að athugunum og mati á hrifum á ferðamennsku, eins og fram kemur í viðauka 9. „Áhrif Svartárvirkjunar í Bárðardal-Þingeyjarsveit á ferðaþjónustu og ferðamennsku/útivist“ en leiðréttá þarf samantekt og kafla 7.3 frummatsskýrslunnar til samræmis við viðaukann.

Forsendur umsagnar:

Forsendur Ferðamálastofu: Ferðamálastofa byggir umhverfisstefnu sína á sjálfbærri og ábyrgri ferðamennsku. Náttúra Íslands er sú auðlind sem ferðaþjónustan á Íslandi byggir á til framtíðar. Í kynningu og ímyndarsköpun hefur ferðaþjónustan á Íslandi lagt áherslu á hreinleika og lítt snortna náttúru landsins en skv. könnunum er náttúra Íslands helsta forsenda heimsóknar um 80% erlendra ferðamanna til Íslands. Styrkur Íslands sem ferðamannalands felst því einkum í sérstakri og lítt raskaðri náttúru landsins. Náttúra Íslands er varan sem íslensk ferðaþjónusta er að selja og ákaflega mikilvægt að henni sé ekki spillt. Þegar farið er af stað með áætlanir og framkvæmdir á ferðamannastöðum er mikilvægt að þær séu byggðar á vandaðri greiningu og rannsóknum og unnar af varkárni og virðingu fyrir viðkvæmri náttúru Íslands, samfélagsins og sögu.

Virðingarfyllt,



Hjörleifur Finnsson

Hjörleifur Finnsson verkefnastjóri





Þingeyjarsveit

590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

**Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Kjarna 29.09.2017

Efni: Svartárvirkjun. Beiðni um umsögn.

Bókun skipulags- og umhverfisnefndar frá 20.09.2017:

„Erindi dags 5. september 2017 frá Skipulagsstofnun þar sem vísað er til þess að SSB Orka ehf hafi tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um allt að 9,8 MW Svartárvirkjun í Bárðardal, Þingeyjarsveit.

Með erindinu fylgir frummatsskýrsla um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Með frummatsskýrslu fylgja teikningar og viðaukar. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/2000 óskar Skipulagsstofnun eftir að Þingeyjarsveit gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Í umsögn skal umsagnaraðili á grundveli starfssviðs síns gera grein fyrir hvort hann telji að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaaðila á þeim, þörf á að kanna tiltekin atriði frekar, mótsvægisáðgerðum og vöktun.

Sjá heimasíðu Skipulagsstofnunar:

<http://www.verkis.is/thjonusta/umhverfi-og-oryggi/mat-a-umhverfisahrifum/verkefni-i-kynningu/svartarvirkjun-i-bardardal>

Skipulags- og umhverfisnefnd telur að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaaðila á þeim, og telur ekki þörf á að kanna önnur atriði frekar, og gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar mótsvægisáðgerðir og vöktun að svo komnu máli.“


Bókun sveitarstjórnar Þingeyjasveitar frá 28.09.2017:

„Sveitarstjórn tekur undir umsögn nefndarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og telur að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaaðila á þeim. Sveitarstjórn áskilur sér þó rétt til að setja nánari skilyrði um vöktun umhverfisáhrifa af óháðum eftirlitsaðila við útgáfu á fyrirhuguðu framkvæmdaleyfi t.d. varðandi lágmarksrennsli á ánni til að viðhalda staðbundnum fiskistofnum.“

Þetta tilkynnist hér með,

Virðingarfyllst,
f.h. skipulags- og byggingarfulltrúa

Margrét S. Snorradóttir, ritari
Skrifstofu Þingeyjarsveitar, Laugum





HNE

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Kt. 470199-2029 · Akureyrardeild · Furuvellir 1 · 600 Akureyri · Sími: 462 4431 · Fax: 461 2396 · Netfang: hne@hne.is
Húsavíkudeild · Hafnarstétt 3 · 640 Húsavík · Símar: 464 2690 og 898 8340 · Netfang: oggi@hne.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7b
150 Reykjavík

Húsavík, 5.október 2017

Efni: Svartárvirkjun-umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar frá 5. september sl. þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, samkvæmt 10.gr. laga nr 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

SSB Orka ehf. Hefur tilkynnt til Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu allt að 9,8 MW Svartárvirkjun í Bárðardal.

Tenging við orkukerfi

Fram kemur í lýsingu (4.9 Tenging við orkukerfi) að tveir kostir eru til skoðunar varðandi tengingu virkjunarinnar við orkukerfið. Virkjunin verður tengd við flutningskerfið með lagningu á 33 kV jarðstrengs frá virkjun að annað hvort núverandi tengivirki Landsnets við Laxá eða að nýju tengivirki við Kröflulínu 1 við Kálfborgará í Bárðardal.

Strengleiðin að Laxá er um 47 km og fer yfir Mývatnsheiði að Þjóðvegi 1 við Mátvatn, þaðan yfir Laxárdalsheiði, vestan í Hvítafelli og norður fyrir Þorgerðarfjall að vestanverðu. Á mótis við Laxárvirkjun 1 yrði Laxá þveruð með því að grafa strenginn niður í botn á skurði þar sem núverandi 66 kV strengur liggur.

Ef seinni kosturinn verður valinn verður strengurinn lagður um 22 km leið í veghelgunarsvæði Bárðardalsveggar eystri og Lundarbrekkuveggar norður Bárðardalinn að Kálfborgará. Þar myndi Landsnet reisa nýtt tengivirki við Kröflulínu 1 en virkjunaraðili greiða Landsneti tengigjald fyrir kostnað við tenginguna.

HNE telur að ef seinni kosturinn verði valinn þurfi að gera grein fyrir þeim mannvirkjum sem nauðsynleg eru vegna tengingar við dreifikerfið, nánari staðsetningu og því jarðraski sem búast má við vegna þeirra framkvæmda

Samkvæmt fyrri áformum var einungis gert ráð fyrir að fyrri leiðin yrði valin, en landeigendur Halldórsstaða og Ljótsstaða í Laxárdal “riftu samningum um lagningu strengs um þeirra land”, eins og segir í lýsingu og því var legan færð á á nyrsta hluta leiðar og “leitað samkomulags við nýja landeigendur og um færslu strengleidar innan jarðar við aðra”, eins og segir í lýsingu.

HNE telur að það þurfi að gera grein fyrir hvort samningur við þessa nýju aðila hafi verið gerður og hverjir eru þessir aðilar?



HNE

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Kt. 470199-2029 · Akureyrardeild · Furuvellir 1 · 600 Akureyri · Sími: 462 4431 · Fax: 461 2396 · Netfang: hne@hne.is
Húsavíkureild · Hafnarstétt 3 · 640 Húsavík · Símar: 464 2690 og 898 8340 · Netfang: oggi@hne.is

Fram kemur að ef valið verður að fara með rafstreng samkvæmt kosti 2 í veghelgunarsvæði Bárðardalsvegur eystri og Lundarbrekkuvegur þarf samþykki Vegagerðarinnar að liggja fyrir og einnig þarf að semja við landeigendur 8 jarða; Bjarnastaða, Rauðafells, Lundarbrekku, Sandvíkur, Sigurðastaða og Sunnuhvals, Hrafnstaða, Jarlsstaða og Kálfborgarar.

HNE bendir á að þarna stendur að það þurfi samþykki Vegagerðarinnar og það þurfi að semja við landeigendur 8 jarða.

HNE telur að það þurfi að liggja fyrir hvort bóúð sé að skrifa undir samning við þá aðila sem hér eru nefndir.

Jafnframt telur HNE að við jarðstrengslögn og aðrar framkvæmdir þar sem vinnuvélar af öllu tagi eru notaðar þurfi framkvæmdaaðilar að sýna fram á hvernig dregið verði sem mest á líkum á því að olía og glussi berist út í jarðveginn. Gera verður kröfu til framkvæmdaaðila að leggja fram skriflega áætlun sem uppfylli þær kröfur

Endur á vatnasviði Svartár og Suðurár í Bárðardal

Yfirskrift hér að ofan er heiti á skýrslu sem Náttúrustofa Norðausturlands gerði fyrir SSB orku ehf.

Þar kemur fram að að vatnasvið Svartár og Suðurár er afar lífríkt og eru straum- og húsundur einkennandi fyrir fuglalíf þess. Fram kemur að hvorug tegundin verpi utan Evrópu utan Íslands og báðar eru skráðar í viðauka II við Bernarsamninginn.

Ennfremur segir í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands:

“Ísland ber því ríkulega ábyrgð á þessum tegundum skv. alþjóðlegum samningum og eru báðar skráðar á valista, húsönd sem tegund í hættu en straumönd sem tegund í nokkurri hættu. Fjöldi húsanda á vatnasviði Svartár og Suðurár uppfyllir viðmið um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði sem Ísland hefur skuldbundið sig til að vernda skv.

Ramsarsamningnum. Fjöldi straumanda liggur nærri þessu viðmiði. Á heildina litið er verndargildi vatnasviðs Svartár og Suðurár því mjög mikið hvað fuglalíf varðar. Áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar er órjúfanlegur hluti af þeirri heild.

Áhrif fyrirhugaðrar virkjunar í Svartá á straumendur og húsundur munu að öllum líkindum tengjast minnkuðu fæðuframbóði vegna skerts rennslis milli stíflu og stöðvarhúss.

Skert rennsli eftir virkjun árinna mun rýra gæði þessa svæðis fyrir húsundur, líklega verulega. Fjöldi húsanda sem byggja afkomu sína á svæðinu að vori nemur háu hlutfalli af heildarfjölda húsanda á vatnasviði Svartár og Suðurár. Ekki er því hægt að útiloka að skerðing gæða áhrifasvæðisins geti haft í för með sér neikvæð áhrif fyrir íslenska og evrópska húsandastofninn. Sérstaklega gæti neikvæðra áhrifa gætt þegar þrengir að húsandastofninum á Mývatns- og Laxárvæðinu og húsundur þurfa að reiða sig í meira mæli á þau fáu votlendissvæði sem vitað er að þær byggja afkomu sína utan Mývatns og Laxár. Mikilvægt er að horfa til þeirrar heildarmyndar að fyrirhuguð virkjun Svartár mun rýra gæði vatnasviðs sem er það eina utan Mývatns og Laxár sem fóstur húsundur svo einhverju nemur á varptíma hér á landi og þar með í Evrópu”.

HNE bendir á afgerandi niðurstöðu sem þarna kemur fram í umsögn Náttúrustofu Norðausturlands. Skert rennsli Svartár eftir virkjun mun rýra gæði þessa svæðis fyrir húsundur



HNE

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Kt. 470199-2029 · Akureyrardeild · Furuvellir 1 · 600 Akureyri · Sími: 462 4431 · Fax: 461 2396 · Netfang: hne@hne.is
Húsavíkudeild · Hafnarstétt 3 · 640 Húsavík · Símar: 464 2690 og 898 8340 · Netfang: oggi@hne.is

sem eru á valista, líklega verulega og ekki er hægt að útiloka að sú skerðing geti haft í för með sér neikvæð áhrif fyrir íslenska og evrópska húsandastofninn.

HNE telur að skýrsla Náttúrustofu Norðausturlands kalli á nánari rannsóknir á lífríki Svartár sérstaklega með tilliti til afkomu straum- og húsanda og áhrifa þeirra skuldbinginga sem Ísland hefur gengist undir varðandi það að uppfylla ákvæði Ramsarsamnings.

Áhrif virkjanaframkvæmda á vatnalífriki

Í skýrslu Veiðimálastofnunar: “Vatnalíf í Svartá í Suður-Þingeyjarsýslu og mat á áhrifum vatnsaflsvirkjunar” segir m.a. um áhrif virkjanframkvæmda á vatnalífriki:

“Ætla má að helstu áhrif Svartárvirkjunar verði vegna röskunar á búsvæðum samfara skerðingu á rennsli. Skerðing á rennsli mun minnka flatarmál botnsins sem er undir vatni og þar með minnka hentug búsvæði fyrir fiska og aðrar vatnalífverur. Verði minnkun á rennsli um 85% á áhrifakafla virkjunar, eins og áætlanir gera ráð fyrir, hefur það í för með sér mikla skerðingu búsvæða á þeim kafla”.

Í lýsingu framkvæmdaaðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að 15% af meðalrennsli árinna eða um 3m³/s, að lágmarki fari framhjá stíflunni til að farvegurinn neðan hennar og niður að ármótum við Grjóta þorni ekki og til að viðhalda ákveðnu rennsli í virkjuðum kafla árinna. Miðað við fyrri áform framkvæmdaaðila var gert ráð fyrir að lágmarksrennsli framhjá inntaksstíflu yrði 5-10% af meðalrennsli. Samkvæmt þessu yrði þá á meginhluta farvegar skert rennsli, að lágmarki 2,2-3,3 m³/s þegar virkjunin verður gangsett.

Samkvæmt lýsingu framkvæmdaaðila verður rennsli framhjá stíflu aðeins um 3m³/s. M.ö.o þýðir það að *“skerðing búsvæða verður hlutfallslega á bilinu 48- 55% (3,3-2,2 m³ lágmarksrennsli) á þeim svæðum sem skerts rennslis gætir”* samkvæmt Hafrannsóknastofnun.

HNE telur að þetta séu ekki ásættanleg niðurstaða. Tryggja verður að lágmarksrennsli Svartár á virkjuðum kafla verði það mikið að lífríki árinna verði ekki stefnt í voða.

Áhrif rennslisskerðingar á efnabúskap og vistkerfi

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar til Verkís verkfræðistofu segir að rennslisskerðing í kjölfar virkjunar Svartár muni valda minnkandi framburði á lífrænum ögnum og þar með fæðuframboði fyrir hryggleysingja og fiska. Minnkunin verði bæði vegna skerðingar á botnfleti farvegarins og líka vegna minn burðargetu árinna.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar segir m.a.

“Styrkur uppleystra efna í straumvatni sveiflast árstíðabundið. Ekki er ljóst hvaða áhrif rennslisskerðing á ákveðnum kafla farvegar Svartár mun hafa á efnabúskap árinna og vistkerfis árinna. Þar verður að hafa í huga magn og hlutfall vatns sem kemur úr hliðarlækjum/ám, eða af ræktuðu landi. Við rennslisskerðingu í hluta farvegar Svartár gæti styrkur uppleystra efna breyst, þar sem hlutfall vatns úr hliðarlækjum/ám eða af ræktuðu landi eykst. Í því ljósi er vandkvæðum bundið að spá fyrir um áhrifin upp fæðukeðjuna nema að gera sérstaka úttekt á hliðarrennsli í Svartá á þeim hluta árinna sem verður fyrir rennslisskerðingu”.

Hávær umræða er meðal lærðra og leika að þar sem Svartá verður tekin að mestu úr farvegi sínum á rúmlega þriggja kílómetra kafla og nánast þurrkuð upp þá muni búsvæði skordýra, fiska og fugla skerðast og valda verulega neikvæðum áhrifum á lífsafkomu þeirra.



HNE

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Kt. 470199-2029 · Akureyrardeild · Furuvellir 1 · 600 Akureyri · Sími: 462 4431 · Fax: 461 2396 · Netfang: hne@hne.is
Húsavíkudeild · Hafnarstétt 3 · 640 Húsavík · Símar: 464 2690 og 898 8340 · Netfang: oggi@hne.is

Með vísan til þess og tilvitnunar í Hafrannsóknastofnun telur HNE að brýnt að gera úttekt á hliðarrennsli í Svartá til að fá úr því skorið hver áhrifin rennisskerðingin hefur á fæðukeðju árinna.

Mannaflspörf og vinnubúðir

Fram kemur í lýsingu að framkvæmdatími verði um eitt og hálf ár. Gert er ráð fyrir að byrjað verði á lagningu rafstrengs til að flytja vinnurafmagn inn á framkvæmdasvæðið.

HNE telur að gera þurfi frekari grein fyrir lagningu þessa strengs, lengd hans og því jarðraski sem búast má við vegna þeirra framkvæmda.

Þá kemur fram að þarna vinni á bilinu 50-60 manns. Reistar verði vinnubúðir á virkjunarsvæðinu með svefnaðstöðu fyrir 30-40 manns Gert er ráð fyrir að vinnubúðirnar verði staðsettar í nágrenni við stöðvarhúsið og þar verði fyrirnefnd svefnaðstaða, mataraðstaða, skrifstofur, verkstæði og geymslusvæði. Einnig er gert ráð fyrir að skúrar með kaffi- og geymsluaðstöðu verði settar við fyrirhugaða jöfnunarþró og stíflumannvirki.

HNE veitir starfsleyfi fyrir vinnubúðir og telur þörf á frekari upplýsingu um þau mannvirki sem þarna verða reist. Slík mannvirki skulu tengjast rotþróum með siturbeðum. Frágangur og rekstur fráveitu og rotþróa verði í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, leiðbeiningar Umhverfisstofnunar frá 2004 um rotþrær og siturlagnir, samþykkt nr. 671/2003 um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

Efnispörf og efnisflutningar

Fram kemur í lýsingu að mól og sandur til fyllingar í skurð aðrennslispípunnar verður að stórum hluta fenginn með hörpun á efni úr uppgreftri fyrir pípuna. Gert er ráð fyrir að um helmingur komi úr uppgreftri og þá þurfi um 20- 25 þúsund m³ að koma úr námum á svæðinu. Gert er ráð fyrir að hluti af fyllingarefninu gæti komið úr áreyrum meðfram Skjálfandafljóti; að vestanverðu á móts við stöðvarhússtæðið og einnig miðja vegin milli Lundarbrekku og brúar, eða að austanverðu skammt norðan brúar þar sem skilgreind eru efnistökusvæði á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar. Fleiri hugmyndir eru taldar upp m.a. efni þar sem búið er að teikna inn afmörkun á um 18 þús. m² svæði þar sem talið er að finna megi sand, ekki er þó um samþykktá námu að ræða. Allt er þetta mjög óljóst hvornig staðið verður að efnisöflun og telur HNE að þörf sé á að leggja fram skýrari áform þar um. Eins þarf að gera grein fyrir hvornig verður staðið að efnisöflun í 700 m löngum og 5 m breiðum aðkomuvegi að stöðvarhúsi frá beygju á Lundarbrekkuvegi (843) rétt vestan við afleggjara að Bjarnarstöðum og Rauðafelli . Einnig 200 m langan vegslóða frá núverandi slóða frá Lundarbrekku að fyrirhugaðri jöfnunarþró. Einnig þarf að gera grein fyrir á hve stóru svæði á áreyrum meðfram Skjálfandafljóti er fyrirhugað að taka fyllingarefni og hver eru hugsanleg áhrif á efnistöku úr farveginum.

Virðingarfyllt

Þorkell Björnsson
heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 6b
105 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 13.10.2017
Tilv. 0036/2017 - 2. 9

Efni: Umsögn vegna frummatsskýrslu um Svartárvirkjun í Bárðardal

Í bréfi dagsettu 5. september s.l. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi frummatsskýrslu um Svartárvirkjun í Bárðardal. Fiskistofa horfir til þeirra þátta sem geta haft áhrif á vatnalíf, fiskgengd og veiðinýtingar.

Í frummatsskýrslunni er bent á það að verndargildi Svartár sé metið miðlungs, skv. vistgerðavefsjá NÍ. Fiskistofa bendir á að uppgengið verndargildi í vistgerðasjá NÍ á ekki við um Svartá sérstaklega, heldur á það við um ár á yngra berggrunni almennt. Jafnframt má benda á að mat NÍ á verndargildi er ekki óumdeilt. Fiskistofa bendir á að Svartá í Bárðardal er að stærstum hluta lindá, en lindár eru ekki algengar á Íslandi. Lindár eru sjaldgæfar á heimsvísu og tengjast sérstöðu Íslands og ungu bergi. Í frummatsskýrslunni kemur fram að með öðrum aðferðum myndi verndargildi Svartár vera metið fremur hátt (bls. 70). Fiskistofa telur að meta verði verndargildi Svartár sérstaklega og að upplýsingar um verndargildi Svartár sem ráðið er af vistgerðavefsjá NÍ gagnist ekki til þess. Ástæða þess er m.a. sú að matið byggir aðallega á þeim tegundum plantna sem þar finnast en tekur ekki sérstaklega til vatnalífríkis, eins og tiltekið er í frummatsskýrslunni (bls. 71).

Gert er ráð fyrir að rennsli Svartár sé 20 rúmmetrar á sekúndu en talið er að það kunni að vera vanmetið og sé í raun allt að 25 rúmmetrum á sekúndu. Það virðist því ríkja nokkur óvissa um rennsli Svartár, en það eru afar þýðingarmiklar upplýsingar fyrir allar forsendur framkvæmdarinnar, bæði rekstur virkjunarinnar og einnig mótvægisáðgerðir (lágmarksrennsli). Fiskistofa telur að betra mat þurfi að vera fyrir rennsli Svartár til þess að hægt verði að leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar.

Fram kemur í frummatsskýrslunni að 15% af rennsli eða 3 rúmmetrar á sekúndu muni verða lágmarksrennsli í farveginum þar sem skert rennsli muni verða (bls. 40). Fiskistofa telur ekki vera ljóst hvort 3 rúmmetrar á sekúndu er lágmark eða hvort 15% af rennsli er lágmark, en ca. 30% af árinu er 15% af rennsli undir 3 rúmmetrum á sekúndu (Mynd 5.4., bls. 39). Fiskistofa bendir á að það þurfi að vera skýrt hvert lágmarksrennslið muni verða þar sem það mun skipta verulegu máli fyrir stærð búsvæðis fyrir laxfiska á því svæði þar sem skert rennsli verður. Sjá má á mynd 5.19 (bls. 69) að skerðing á botnfleti eykst mikið við það ef rennsli myndi minnka meira en sem nemur 3 rúmmetrum á sekúndu.

Fram kemur í frummatsskýrslunni að flípalokur notaðar til að hleypa ískrapa niður fyrir stíflu (bls. 40). Þegar kalt verður í veðri munu þá geta skapast óvenjulegar aðstæður neðan stíflu, þar sem hlutfall ískrapa verður hátt og rennsli skert. Ekki er lagt mat á hugsanlega áhrif af

Þessu á lífríki Svartár í frummatsskýrslunni.

Í kafla 5.4.6. ef fjallað um hugsanleg áhrif virkjunarinnar á vatnalíf. Fram kemur að Svartá er torfær fiski um flúðir og fossa og ófiskgeng upp fyrir Ullarfoss. Í minnisblaði Hafrannsóknastofnunar dags. 10. október 2016 (Viðauki 2) kemur fram að óljóst er um það hvernig fiskgengi verði við skert rennsli. Þar sem rennsli verður skert, ef af framkvæmdinni verður, er því líklegt að ófiskgengar hindranir muni myndast. Kynnt er að því verði mætt með lagfæringu á farveginum (bls. 71). Fiskistofa telur að nokkur óvissa ríki um það hvort og hvernig verði hægt að tryggja fiskgengd þar sem rennsli yrði skert

Það er áætlað að vegna áhrifa virkjunarinnar verði skerðing á framleiðslueiningum fyrir laxfiska 11% fyrir Svartá í heild en að á áhrifasvæðinu neðan stíflunnar má gera ráð fyrir að hlutfallsleg skerðing framleiðslueininga verði 37% (bls. 69). Því er ljóst að um verulega skerðingu yrði að ræða á nýliðun laxfiska á vatnasvæðinu.

Í niðurstöðu kafla 5.4.6 segir m.a. : "*Veidinyting og möguleikar til veiða í farvegi Svartár neðan stíflunnar niður fyrir frárennsli virkjunar munu að öllum líkindum skerðast með tilkomu virkjunarinnar.* " (bls. 71). Í heild eru áhrif framkvæmdarinnar á veiðinytingu metin nokkuð neikvæð, staðbundin og afturkræf.

Í samantekt um áhrif virkjunarinnar í upphafi frummatsskýrslunnar segir m.s. "*Virkjun Svartár mun hafa ólík áhrif á ferðamennsku og útivist á svæðinu. Áhrifin af virkjuninni verða mest á þá ferðamenn sem dvelja staðbundið á framkvæmdasvæðinu, veiðimenn, hestamenn og í litlum mæli göngumenn. Áhrifin á þennan hóp ferðamanna eru bein, varanleg og teljast talsvert neikvæð. Áhrif af virkjun á ferðaþjónustuaðila verða mest á þá sem setja náttúrutengda ferðaþjónustu eða ferðamennsku í fyrsta sæti þegar þeir meta áhrifin af henni af því að hún rímar ekki við þá hagsmuni að geta dvalið í og upplifað ósnortna náttúru.* " (Bls. iii). Veiði er í eðli sínu náttúrutengd ferðaþjónusta og því má ráða af frummatsskýrslunni að bein, varanleg og talsvert neikvæð áhrif verði af virkjun í Svartá á veiðihagsmuni. Það er mat Hafrannsóknastofnunar að líklegt sé að ímynd árinna til iðkunar stangveiði breytist eftir virkjun sem gæti haft neikvæð áhrif á sölu veiðileyfa, ósnortið verður snortið (Viðauki 2, bls. 7). Jafnframt kemur fram að virkjun myndi hafa áhrif á marga veiðistaði í Svartá (Viðauki 2, bls. 5).

Heildarniðurstaða frummatsskýrslunnar er m.a. (bls. iv): "*Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, sem felast annars vegar í tryggingu á lágmarksrennsli og gerð fiskvegjar og hins vegar í aðlögun framkvæmda að umhverfinu og góðum frágangi að framkvæmdum loknum, er það niðurstaða framkvæmdaraðila að ekki sé talið líklegt að Svartárvirkjun hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér* ". Fiskistofa er ekki sammála þessari niðurstöðu og telur að þrátt fyrir kynntar mótvægisáðgerðir er virkjun í Svartá líkleg til að hafa veruleg áhrif á afkomu fiskstofna árinna, möguleika til veiði og aðdráttarafl árinna til veiði. Jafnframt ríkir mikil óvissa um áhrif virkjunar á fiskstofna og veiði (Viðauki 2, bls. 7). Þó er áætlað að 11% skerðing verði á framleiðslueiningum fyrir laxfiska og að varanleg og talsvert neikvæð áhrif verði á náttúrutengda ferðaþjónustu, sem veiðinyting í eðli sínu er. Það kemur fram í skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála (Viðauki 9) að framkvæmdirnar ganga á ósnortna náttúru og að því marki takmarka þær framtíðarmöguleika svæðisins til að þróa náttúrutengda ferðaþjónustu (bls. i). Jafnframt kemur fram í skýrslunni að aðdráttaraflið fyrir ferðamenn í Bárðardal tengist góðri líðan sem menn tengja við dvöl í ósnortinni náttúru.

Ferðaþjónusta verður sífellt mikilvægari fyrir Ísland og ferðamönnum hefur fjölgað mjög í Þingeyjasýslu á undanförunum árum (Viðauki 9, mynd 8, bls. 21). Veiðimöguleikar kunna að skapa tækifæri til að laða að ferðamenn. Fiskistofa bendir á að hugsanlega mætti nýta betur þau veiðihlunnindi sem eru í Svartá, en silungsveiði er eftirsótt og gæti aukið möguleika í ferðaþjónustu á svæðinu. Virkjun í Svartá myndi dragar úr þeim möguleikum (Viðauki 1,2 og 9).

Fiskistofa bendir á að framkvæmdir við veiðivötn eru háðar leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa



Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 16. október 2017
2017090006/42-2
KHS, LÁ, BM, TB
gg/tb

Svartárvirkjun, frummatsskýrsla

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 5. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu allt að 9,8 MW virkjunar í Svartá í Bárðardal, Þingeyjarsveit. Sérstaklega er farið fram á það að umsagnaraðili skoði, út frá starfssviði sínu, hvort hann telji að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaraðila á þeim, mótvægisáðgerðum og vöktun og hvort þörf sé á að kanna tiltekin atriði frekar. Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.

Náttúruverndargildi Svartár

Náttúruverndargildi Svartár er ótvírætt og verður það að teljast hátt. Það helgast fyrst og fremst af því að hér er um að ræða eina af vatnsmestu og lífríkustu lindám landsins. Svæðið er lítt raskað lindakerfi í jaðri hálendisins. Margir sameiginlegir þættir eru með Svartá og Laxá í Mývatnssveit bæði lífrænir og ólífrænir. Svæðið Svartá-Suðurá er á lista Náttúrufræðistofnunar Íslands sem mikilvægt fuglasvæði með alþjóðlegt verndargildi, Fjölrít Náttúrufræðistofnunar Nr. 55 bls. 242. Þar ræður að liðlega 6% af íslenska húsandarstofninum nýtir þetta vatnasvið sér til lífsviðurværis. Nokkrar tegundir fugla á Válista verpa við Svartá m.a. grágæs, húsönd, gulönd, straumönd, fálki og hrafn. Það sem einkennir lífríki Svartár er gróinn árbotn, mikið magn bitmýslirfa og rykmýslirfa á árbotninum, stór urriðastofn, auðugt fuglalíf sem samanstendur bæði af öndum, gæsnum og öðrum votlendisfuglum. Hryggleysingjarnir, bitmý og rykmý, eru aðalfæða fiska og vatnafugla en magn þessara flugna ræðst mikið af lífrænu reki úr Svartárvatni.

Hugmyndir um virkjun

Gert er ráð fyrir að stífla Svartá 0,5 km ofan við þar sem Grjótá fellur í Svartá. Vatn verður leitt frá stíflunni í aðrennslispípu um 3 km leið að stöðvarhúsi, sem er um 1,5 km ofan við þar sem Svartá rennur í Skjálfafljóti. Til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á lífríkið er gert ráð fyrir fiskvegi framhjá stíflunni og að um 3 m³/sek af vatni renni áfram niður farveginn. Þetta vatn á að renna um fiskveginn annars vegar og hins vegar ræsi í stíflunni. Frá ármótum við Grjótá og niður að frárennslispípu neðan stöðvarhús eiga að renna um 4 m³/sek af vatni í farvegnum (miðað við að vatnsmagn í Grjótá sé um 1 m³/sek).



Gildi mótvægisáðgerða

Hér verður eingöngu horft til mótvægisáðgerða sem eiga að viðhalda dýralífi í virkjuðum farvegi Svartár. Ætlunin er að tryggja ákveðið lágmarksrennsli í farvegi neðan stíflu eða um $3 \text{ m}^3/\text{sek}$ sem verða síðan um $4 \text{ m}^3/\text{sek}$ frá og með ármótum við Grjótá. Ekki kemur nógu skýrt fram í frummatsskýrslu hvernig eigi að tryggja þetta vatnsmagn og einnig virðist vera misræmi í tölum.

Vatnshæðamælar ofan við Ullarfoss hafa gefið meðalrennslið $19,9 \text{ m}^3/\text{sek}$ (mælir V324 fyrir tímabilið 1986-2007) og $21,8 \text{ m}^3/\text{sek}$ (mælir 116 fyrir tímabilið 2006-2013). Þetta ber að skoða í ljósi þess að við hönnun virkjunarinnar er gert ráð fyrir að nýta $20 \text{ m}^3/\text{sek}$. Miðað við að virkja eigi $20 \text{ m}^3/\text{sek}$ og jafnframt að tryggja eigi að lágmarki $3 \text{ m}^3/\text{sek}$ í farvegi neðan stíflu þá er ljóst af mynd 5.4 bls. 39 í frummatsskýrslu að miðað við tímabilið 2006-2013 þá ríkti slíkt ástand, þ.e. $23 \text{ m}^3/\text{sek}$ eða meira, aðeins þriðjung tímans. Jafnframt sést á mynd 5.4 að um 20% tímans er rennslið minna en $20 \text{ m}^3/\text{sek}$. Það þarf því að skýra frekar hvernig starfssemi virkjunarinnar verður hagað m.t.t. þessa? Hafa $3 \text{ m}^3/\text{sek}$ að lágmarki alltaf forgang eða mun rekstrarumhverfi virkjunarinnar eða markaðurinn ráða? Í þessu samhengi má benda á að rennslið er alltaf minnst á vetrum og þá er jafnan mest eftirspurn eftir rafmagni. Orðalag er ekki skýrt um þessi atriði í frummatsskýrslum og fylgigögnum. Þannig segir í frummatsskýrslu í kafla 5.4.2.4 bls. 41 „Gert er ráð fyrir að tryggja að um 15% af meðalrennsli, eða um $3 \text{ m}^3/\text{sek}$, að lágmarki fari framhjá stíflunni...“. Í minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar dags. 10.10.2016 segir á bls. 6 „Núverandi virkjunartilhögun gerir ráð fyrir að virkjað rennsli verði $20 \text{ m}^3/\text{s}$ og tillaga virkjunaraðila að lágmarksrennsli framhjá inntaksstíflu verði 5 – 10% af meðalrennsli ($21,8 \text{ m}^3/\text{s}$ fyrir árin 2005 – 2013)...“ Hér munar verulega!

Rétt er að nefna að mælir V324 sýnir minna rennsli en mælir 116. Möguleg skýring er breytilegt rennsli eftir tímabilum frekar en að hér ráði ístruflanir líkt og getgátur eru um í frummatsskýrslu, mælir V324 spannar tímann 1986-2007 og mælir 116 2006-2013. Miðað við að þetta endurspegli mun eftir tímabilum þá er ljóst að það geta komið skeið með verulega minna rennsli en mælir 116 sýnir.

Um fjórðungur af vatninu í virkjuðum farvegi Svartár á að koma úr Grjótá. Engar mælingar liggja fyrir um rennsli í Grjótá og í skýrslunni virðist stuðst við ágiskun framkvæmdaraðila um að rennslið þar sé $1-1,3 \text{ m}^3/\text{s}$. Þetta er óásættanlegt miðað við eðli þessa straumvatns, uppistaðan í þessu vatni kemur úr votlendinu í Engidal og viðbúið að rennslið sé mjög skert yfir veturinn.

Loftslag í sunnanverðum Bárðardal er með nokkrum meginlandsbrag og þar geta orðið miklir kuldar með langvarandi stillum á vetrum. Við slíkar aðstæður kólnar Svartá niður að frostmarki með tilheyrandi krapamyndun. Búast má við að kólnunar muni gæta enn meir í virkjaða farveginum vegna skerts vatnsrennslis en ofan stíflu. Jafnframt er ætlunin að veita öllum ís sem myndast ofan stíflu niður í virkjaða farveginn það mun enn fremur auka kælinguna þar og valda rennslustruflunum og ísmyndun. Í besta falli mun verulega skert rennsli fara um virkjaðan farveg Svartár og viðbúið að vatnsmagnið muni sveiflast verulega og ráðast af árstímabundnum sveiflum í rennsli bæði Grjótár og Svartár sem og þörfum virkjunarinnar. Urriði, húsönd og straumönd lifa á sama æti í Svartá, nefnilega bitmýslirfum. Lirfurnar lifa á botni árinna, festa sig við steina eða vatnagróður og éta lífrænt rek sem berst niður ána. Þetta rek er líklega að mestu upprunnið í Svartárvatni og því bundið við Svartá en



ekki Grjótá. Grjótá, sem á að vera um fjórðungur vatns í virkjaða farveginum, ber enga þá næringu sem bitmýslirfur nýta sér og bitmý lifir ekki í Grjótá.

Allir þessir þættir, þ.e. óvissa um vatnsmagn, verulega skert rennsli í virkjuðum farvegi og þ.a.l. minni árbotn fyrir dýr og gróður að vaxa, líkur á verulegum sveiflum í rennsli innan árs, krapastíflur og vatnspurrð á vetrum og minna lífrænt rek, gera það að verkum að varfærið mat Náttúrufræðistofnunar er að bitmý, undirstaða fæðuvefs Svartár, mun hverfa úr hinum virkjaða farvegi. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir dugi ekki til að halda uppi lífvænlegum stofni bitmýs í hinum virkjaða farvegi og hann því ekki nýtast sem fæðusvæði fyrir húsönd, straumönd og urriða.

Áhrif framkvæmdanna á fugl og fisk

Ljóst er að áhrif Svartárvirkjunar verða veruleg bæði á lífríkið, ásýnd svæðis og útivistargildi. Hér verður áhersla lögð á að greina áhrif á lífríki og þá horft sérstaklega til húsandar, straumandar og urriða. Þessar þrjár tegundir eru lykiltegundir í vistkerfinu og afkoma þeirra ræðst af því sem gerist neðar í fæðuvefnum.

Íslenski húsandarstofninn er lítill, telur rétt um 2000 fugla, og útbreiðslan er takmörkuð við lífrík lindarvötn og vega þar þyngst Mývatn og Laxá. Lindavötn eru athvarf húsandarinnar á öllum tímum árs. Aðalfæða húsanda eru lifur bitmýs og rykmýs. Mikilvægustu búsvæði húsanda að vor- og sumarlagi utan Mývatns og Laxár eru Svartá og Suðurá og þar dvelur liðlega 6% stofnsins. Þetta háa hlutfall gefur Svartá og Suðurá alþjóðlegt verndargildi samkvæmt þeim stöðlum sem við er miðað við slíkt mat. Engar talningar eru til á húsöndum að vetrarlagi á þessu svæði og því lítið vitað um hvernig húsöndur nýta Svartá og Suðurá þann hluta ársins. Talningar líkt og gerðar voru sumarið 2016 fyrir umhverfismat vegna Svartárvirkjunar gefa aðeins „skyndimynd“ af því. Svartá og Suðurá eru líka mikilvægt athvarf húsanda í þeim árum þegar lítið er um fæðu í Mývatnssveit og húsöndin þar leitar annað sér til hjargar. Þannig var ástandið árið 1989 og þá sáust í byrjun maí á Hólmasvæði Svartár 47 fuglar en ekki var talið víðar á vatnasviðinu í það skipti. Þetta eru sjaldgæfir atburðir en hafa líklega mikla þýðingu fyrir afkomu húsandarstofnsins til lengri tíma lítið.

Stærð og framleiðni lindasvæða setja húsandastofninum skorður. Skerðing á farvegi Svartár mun rýra afkomumöguleika húsanda og hafa neikvæð áhrif á stofnstærð. Varfærið mat er að skerðing á búsvæði/fæðusvæði nemi hinum virkjaða farvegi Svartár og lóni ofan stíflu. Ólíklegt er að eftir fyrirhugaðar framkvæmdir bjóði þessi svæði upp á nokkuð sem nýttist húsöndum til átu. Það er ekki hægt að afgreiða afleiðingar slíkrar skerðingar með því að segja að fuglinn færi sig bara til, sbr. bls. 59, og þar með verði áhrifin engin, ef ekki er sýnt fram á að húsöndin geti nýtt önnur búsvæði.

Íslenski straumandarstofninn telur rétt um 14000 fugla. Tegundin er bundin við straumvötn á varptíma en sjó á veturna. Varpútbreiðslan er víðfeðmari en hjá húsönd og straumönd ekki jafn vandlát á gæði þeirra vatna sem hún byggir. Aðalfæðan á varptíma er lifur bitmýs. Þéttustu straumandabyggðir á Íslandi eru við lífríkar lindár líkt og Laxá og svo Svartá. Bitmýið í þessum ám stendur undir þessum sterku staðbundnu stofnum. Það er mjög líklegt að ungaframleiðsla straumanda á góðum svæðum líkt og Laxá og Svartá og Suðurá sé mikilvægur þáttur í að halda uppi straumandabyggð í rýrari vatnakerfum þar sem lítið kemst upp af straumandarungum. Þetta gerist þá þannig að nýliðar leita annað til varps en æskuslóða þar sem þéttleiki fugla er hár og samkeppni mikil. Straumandavarpíð við Svartá og Suðurá er með stærstu straumandabyggðum á Íslandi, aðeins við Laxá er vitað um meira af straumönd.



Fjöldi straumanda á Svartá og Suðurá er 0,7% af ætluðum Íslandsstofni og er nálágt því ná alþjóðlegu verndarviðmiði, en þar er miðað við 1% af stofni.

Stærð og framleiðni Svartár og Suðurrá setja straumandastofninum þar skorður. Skerðing á farvegi mun rýra afkomumöguleika straumanda og hafa neikvæð áhrif á fjölda þeirra við Svartá og Suðurá. Hér gildir það sama og um húsönd og varfærið mat er að skerðingin muni nema hinum virkjaða farvegi Svartár og lóni ofan stíflu. Þetta mun hafa neikvæð áhrif á straumandastofninn í landinu þó lítil séu og mögulega líka á jaðarstofna straumanda sem byggja tilvist sína á komu fugla frá lífríkustu svæðunum.

Urriðinn í Svartá er sérstakur og með útlitseinkenni sem auðkenna þá („turkis“ blár blettur á tálknloki). Þessir fiskar verða stórvaxnir og minna þannig á Laxár-urriðann. Fiskurinn hefur haft gönguleið allt frá Ullarfossi og niður í Skjálfandafljót í Bárðardal. Ekki er vitað hvernig urriðinn nýtir vatnasviðið og hvernig hann hagar ferðum sínum; hvort þeir eru staðbundnir eða hvort þeir ferðast eftir árstímum og kynþroska innan vatnasviðsins og þ.á m. í Skjálfandafljóti. **Frummatsskýrslan svarar ekki þessum spurningum.** Varfærið mat Náttúrufræðistofnunar er að virkjaður farvegur Svartár muni ekki þjóna sem fæðu- og hrygningarsvæði fyrir urriðann og með öllu óljóst hvort fiskar muni ná að ganga upp farveginn líkt og hann verður með skertu rennsli. Þessi óvissa varðandi gönguleiðina upp farveginn ræðst af samspili minna vatnsmagns og straumhraða, þar sem straumurinn er stríðastur er brattinn slíkur að mögulega þarf verulegt vatnsmagn í farveginum til að fiskurinn nái í gegn. **Þessu er ekki svarað í frummatsskýrslunni.**

Rétt er að benda á að í frummatsskýrslu og öðrum gögnum sem með henni fylgja (m.a. „myndbandi“ sem sýnir flugsýn yfir virkjanasvæðið) er ávallt sýnt beljandi vatn í virkjuðum farvegi Svartár, sama vatn og rennur þar nú. **Þetta gefur villandi sýn af því sem verður reyndin.** Önnur virkjun, byggð árið 2013 við Köldukvísl á Tjörnesi, er eftir því sem Náttúrufræðistofnun veit best, rekin eða í eigu hluta af sömu aðilum og standa að Svartárvirkjun. Í virkjanaleyfi frá Orkustofnun segir: „*Stofnunin setur skilyrði um lágmarksrennsli neðan stíflu til að tryggja lífsskilyrði straumanda og bleikju. Orkustofnun leggur til að í virkjunarleyfi verði ákvæði um að framkvæmdaaðili sjá til þess að rennsli verði aldrei minna en 50 l/s.*“ Komið hefur í ljós að árfarvegur Köldukvíslar neðan stíflu hefur ítrekað verið þurr á umliðnum árum og bleikja og straumönd löngu horfin á braut. Sé þetta skoðað í samhengi við það sem segir hér að framan um óvissu um rennsli í virkjaða farveginum í Svartá **þá er alls ekki ásættanlegt að það ríki einhver óvissa um hvert rennslið verður, áhrif þess á lífríki og hvort mótvægisáðgerðir skili einhverjum árangri.**

Í þessu sambandi gerir Náttúrufræðistofnun einnig alvarlegar athugasemdir við mat framkvæmdaraðila á því að áhrif séu afturkræf sbr. t.d. kafla 5.4.5.4 á bls. 60 en þar segir: „Áhrif á vatnafugla á framkvæmdasvæðinu eru **að mestu varanleg en afturkræf** og allt frá óveruleg til talsvert neikvæð fyrir húsöndur á áhrifasvæðinu.“ **Hvaða áhrif það eru sem eru afturkræf er óljóst.** Hér er talað um vatnafugla svo varla er átt við áhrif á landi t.d. vegna strengjaleiðar þar sem yfirborðsröskun getur vel verið að mestu afturkræf innan tiltölulega stutts tíma. Ef hér átt við að rennsli og lífríki árinna séu afturkræf eftir að virkjun verður aflögð, eftir t.d. 50 ár eða 100 ár eða einhvern óskilgreindan tíma, **þá er þetta alls ekki ásættanlegt heldur beinlínis villandi og virðist auk þess vera notað til að draga úr heildarmati á áhrifum,** sbr. notkun á viðmiðinu nokkuð neikvæð (viðbót framkvæmdaraðila, sjá bls. 32 og 33) við mat á vægi áhrifa t.d. á húsöndur. Í matsskýrslu þarf að vera skýrt hvað felst í því að eitthvað sé afturkræft og hvað nákvæmlega er átt við hverju



sinni og hvernig það er metið.

Jarðminjar


Framkvæmdir vegna Svartárvirkjunar eru að mestu leiti á eldri berggrunni. Stöðvarhúsið mun raska hluta af Bárðardalshrauni sem í dag er óröskuð heild. Bárðardalshraun er næst lengsta hraun landsins, næst á eftir Þjórsárhrauni, og eiga hraunin bæði uppruna sinn að rekja í Bárðarbungueldstöðvarkerfið. Hraunið nýtur sérstakrar verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga og allt rask á hrauni er óafturkræft. Eldri nútímahraunin, Útbrunahraun og Kinnarhraun liggja undir Bárðardalshrauni innan framkvæmdasvæðis.


Mjög takmarkaðar lýsingar eru í frummatsskýrslunni á efnistöku þ.e. efnismagni og námum. Vísað er í að efni verði tekið úr samþykktum námum án frekari skýringa, bls. 37. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að gera mun betur grein fyrir efnistöku og námasvæðum vegna virkjanaframkvæmdanna en laus jarðlög á svæðinu tengjast jökulmenjum ísaldarjökulsins og fornum uppistöðulónum. Allt rask á jarðmyndunum er í raun óafturkræft.

Gróðurfar

Í viðauka 3 kemur fram að flóra áhrifasvæðis virkjunarinnar var metin út frá viðkomandi reitum í gagnarunni Náttúrufræðistofnunar og upplýsingum frá Herði Kristinssyni um staðsetningu einstakra plantna. Lýsing er á gróðri á helstu svæðum sem raskast (stífla og inntakslón, fallpípur, stöðvarhús og svæði þar sem áin verður með skertu rennsli). Náttúrufræðistofnun vann gróðurkort af leið fyrirhugaðs jarðstrengs, frá stöðvarhúsi í Bárðardal að Laxárstöð (Laxárvirkjun), 47 km leið, sem byggir á gróðurkorti frá Rala frá 1984 og uppfærðum upplýsingum frá stofnuninni en engar vettvangsathuganir fóru fram, og engin flóruúttekt. **Mjög takmörkuð lýsing er á legu jarðstrengsins um verndarsvæði Mývatns og Laxár.** Í frummatsskýrslunni er einnig talað um að jarðstrengur verði mögulega lagður aðra leið, þ.e. norður eftir Bárðardal að tengivirki við Kálfborgará, alls 22 km leið. **Ekki er gerð grein fyrir gróðri á þeirri leið þó minnst sé á að strengurinn muni þá liggja að mestu leyti í röskuðu veghelgunarsvæði. Ekki hefur farið fram heildarúttekt á flóru svæðisins á vettvangi og ekki eru birtir tegundalistar fyrir flóru svæðisins.**

Virðingarfyllst


Guðmundur Guðmundsson
starfandi forstjóri


Trausti Baldursson





Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Gunnarsholti, 23. október 2017

Efni: Umsögn Landgræðslu ríkisins um frummatsskýrslu vegna virkjunar í Svartá í Bárðardal

Landgræðsla ríkisins hefur fengið til umsagnar frummatsskýrslu um allt að 9,8 MW virkjun í Svartá í Bárðardal auk lagningar jarðstrengs.

Umsögn Landgræðslunnar miðast við að lögum um landgræðslu nr. 17/1965 sé fylgt, en þau taka m.a. til verndunar gróðurs og jarðvegs, græðslu eyddra og vangróinna landa og sjálfbærrar landnýtingar. Þá vísast einnig til þess að í ársbyrjun 2016 fól umhverfissráðuneytið stofnuninni framkvæmd endurheimtar votlendis í samræmi við sóknaráætlun Íslands í loftslagsmálum. Í frummatsskýrslunni kemur fram að áhrif á gróður séu metin nokkuð til talsvert neikvæð og að hluta óafturkræf. Þá eru áhrif framkvæmdarinnar talin nokkuð til talsverð neikvæð og óafturkræf þar sem aðrennslispípan verður lögð í votlendi sem nýtur verndar. Framkvæmdasvæði virkjunarinnar er í landi fjögurra jarða, þar á meðal í landi jarðarinnar Stóru-Tungu sem er í umsjón Landgræðslu ríkisins. Þar innan eru uppgræddir melar sem munu raskast við framkvæmdina. Hefur sú uppgræðsla farið fram á vegum Landgræðslunnar, kostuð af almannafé. Landgræðslan telur því rétt að sérstakt samráð verði haft við stofnunina hvað þetta varðar.

Samkvæmt frummatsskýrslunni er heildarflatarmál lands sem fer undir virkjunarsvæði ríflega 36 hektarar, þar af um 10 hektarar af votlendi. Þá er rask af völdum strengleiðar mismikið eftir hvort tengt verður við Laxárstöð eða nýtt tengivirki í Bárðardal. Tenging við Laxárstöð hefur í för með sér rask á um 47 hekturum gróins lands, þar af teljast tæpir 6 hektarar votlendi. Verði fyrir valinu að tengja við nýtt tengivirki í Bárðardal verður raskið á um 22 hekturum en að mestu meðfram núverandi vegstæði. Ekki er að sjá að liggi fyrir úttekt á gróðurfari þeirrar leiðar.

Landgræðslan leggur áherslu á að tilgreint sé í umfjöllun um mótvægisáðgerðir með hvaða hætti skuli ganga frá námusvæðum, vegsvæðum o.s.frv. Við frágang slíkra svæða telur Landgræðslan að notast skuli við staðargróður að eins miklu leyti og það er unnt, t.a.m. með því að geyma svarðlag og jarðveg svæða sem raskast til þess að nota við fráganginn.

Þá þarf einnig að tilgreina í umfjöllun um mótvægisáðgerðir hvernig bæta skal fyrir þau gróðurlendi sem tapast vegna framkvæmdarinnar. Vegna framkvæmdarinnar raskast um 36 hektarar vegna virkjunarsvæðis og 22 til 47 hektarar, eftir leiðarvali, vegna lagningar jarðstrengs. Alls yrðu þetta því 58 til 83 hektarar af grónu landi sem myndi raskast vegna framkvæmdarinnar. Þarna er því um er að ræða umtalsvert tap á gróðri, jarðvegi og skerðingu á náttúrulegum hringrásum vatns og næringarefna. Til þess að mótvægisáðgerðir teljist nægjanlegar til að bæta tap á gróðurþekju og jarðvegi þá telur Landgræðsla ríkisins að bæta þurfi það gróðurlendi sem tapast þannig að 3 hektarar verði græddir upp í stað hvers hektara sem tapast. Stofnunin leggur til

að mótvægisáðgerðirnar verði framkvæmdar innan marka viðkomandi sveitarfélags og eins nærri framkvæmdasvæðinu og kostur er. Við uppgræðsluna þarf að hafa að leiðarljósi endurheimt staðargróðurs.

Landgræðslan leggur sérstaka áherslu á að votlendi verði ekki raskað en skv. a-lið 1. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta votlendisvistgerðir stærri en 2 hektarar sérstakrar verndar og rask slíkra svæða óheimilt nema til komi brýn nauðsyn. Afla þarf framkvæmdaleyfis og við útgáfu þess skulu liggja fyrir umsagnir Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar sveitarfélagsins. Í frummatsskýrslu kemur fram að vegna virkjunarinnar/þrýstipípu tapast um 10 hektarar af votlendi og vegna tengingar við Laxárstöð raskast um 6 hektarar til viðbótar. Hvorki er að sjá að umsagnir fyrrnefndra aðila liggja fyrir né heldur mat á því hvort brýn þörf á raski votlendis sé til staðar og þá eftir atvikum hvort unnt sé að draga úr umfangi þess. Því telur Landgræðslan of snemmt að taka endanlega afstöðu til mögulegs rasks og mótvægisáðgerða vegna þessa en leggur áherslu á að komi til rasks á votlendi þá verði það bætt að fullu með mótvægisáðgerðum.

Af frummatsskýrslunni má ráða að verði tengt í nýtt tengivirki í Bárðardal þá er ljóst að lagning jarðstrengs að því tengivirki liggur að nær öllu leyti um raskað land og með hliðsjón af jarðvegs- og gróðurvernd hlýtur sá kostur að vera fýsilegri en lagning jarðstrengs um óraskað land.

Landgræðsla ríkisins gerir að svo stöddu ekki aðrar athugasemdir við frummatsskýrsluna en áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir á síðari stigum.

Stofnunin er reiðubúin til að veita upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er varða stefnumörkun um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, endurheimt votlendis og sjálfbæra nýtingu lands, verði eftir því óskað.

F.h. Landgræðslu ríkisins,

Gústav M. Ásbjörnsson,
sviðsstjóri landverndarsviðs

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

25. október 2017
UST201709-053/R.K.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Svartárvirkjun

Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Svartárvirkjun – Bárðardalur. Jarðminjar, vatnafar, gróður, fuglar, vatnalíf, landnotkun, vernd, landslag og ásýnd. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 5. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um áhrif Svartárvirkjunar á ofangreinda umhverfisþætti. Helstu mannvirki sem um ræðir eru sambyggt stíflu- og inntaksmannvirki, frárennslisskurður, aðrennslisskurður og aðrennslispípa (þrýstipípa), jöfnunarþró, stöðvarhús, aðkomuvegur og vinnubúðir. Einnig jarðstrengur sem liggur annað hvort yfir Fljóts- og Laxárdalsheiði að núverandi tengivirki í Laxárstöð eða meðfram Bárðardalsvegi að nýju tengivirki Kröflulínu 1 við Kálfborgará.

Umhverfisstofnun bendir á að við virkjun sem þessa er um tengd áhrif að ræða þar sem framkvæmd mun hafa í för með sér breytingar á umhverfi sem tengjast fleiri en einum ofangreindum umhverfisþáttum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frummatsskýrsluna.

Landslag, ásýnd mannvirkja og upplifun náttúru

Umhverfisstofnun telur umrædda frummatsskýrslu að mestu gera góða grein fyrir áhrifum framkvæmda á ásýnd lands og landslag. Tillit hafi verið tekið til athugasemda Umhverfisstofnunar í fyrri umsögn þann 8. júlí 2016. Þá ber helst að nefna annars vegar áætlun um að hönnun, efnisval, litur og lega mannvirkja verði valin til að falla að nærliggjandi umhverfi og draga úr sýnileika, og hinsvegar ný lega jarðstrengs (valkostur 2) meðfram Bárðardalsvegi eystri.

Umhverfisstofnun álitur að Svartárvirkjun geti raskað upplifun fólks á náttúru og landslagi svæðisins líkt og kemur fram í frummatsskýrslu. Stofnunin telur að svæðið falli ekki undir óbyggt víðerni sbr. lög um náttúruvernd en gerir ráð fyrir að náttúruupplifun breytist töluvert við breytingu úr landbúnaðarlandi í orkunýtingarsvæði. Stofnunin telur að þannig muni virkjunarmannvirki valda meiri truflun á náttúruupplifun en þau mannvirki sem fyrir eru. Þá bendir Umhverfisstofnun á Landsskipulagsstefnu 2015-2026 gr. 1.4 þar sem fjallað er um verndun víðerna við sjálfbæra nýtingu orkulinda líkt og matsáætlun gerði grein fyrir. Þó telur Umhverfisstofnun að þar sem landið er í byggð, skilgreint sem landbúnaðarsvæði og því ekki ósnert, verði röskun á svæðinu ekki

umtalsverð og skerðing verndargildis þess takmörkuð. Stofnunin telur að mótvægisáðgerðir við ásynnd landslags muni draga úr áhrifum á upplifun umtalsvert. Umhverfisstofnun telur mótvægisáðgerðir séu til þess fallnar að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkja á landslag svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á að grjótfylling í Grjótá getur haft í för með sér umtalsverð sjónræn áhrif. Því eru góð vinnubrögð við frágang grundvöllur þess að lágmarka neikvæð áhrif á landslag. Bent er á möguleika þess að koma jarðvegslagi og gróðurtorfu á grjótfyllingu svo fyllingin samsvari brekkum í kring og dragi úr sýnileika.

Í frummatsskýrslu var ekki fjallað um nákvæma staðsetningu né fyrirhugaðan frágang eftir vinnubúðir að framkvæmdum loknum. Umhverfisstofnun hvetur framkvæmdaraðila til að gæta þess að vinnubúðir séu staðsettar á svæði þar sem auðvelt er að fjarlægja ummerki svo áhrif verði lágmarkuð að bestu getu.

Umhverfisstofnun telur að vönduð vinnubrögð í frágangi teljast ekki til sérstakra mótvægisáðgerða í sjálfu sér. Frágangur yfirborðs skurða, með því að halda gróðurtorfum til haga og nýta við frágang svæðisins, eru vinnubrögð sem Umhverfisstofnun telur rétt að gera kröfu um þegar tekin er afstaða til leyfis fyrir Svartárvirkjun. Stofnunin bendir á að ef ekki verður staðið að mannvirkjagerð eins og best verður á kosið, eykur það neikvæð áhrif á landslag svæðisins.

Þá vekur Umhverfisstofnun athygli á umfjöllun í frummatsskýrslu um áhrif á landslag við lagningu jarðstrengs samkvæmt tillögu 1 þar sem hún er að miklu leiti ófullnægjandi að mati stofnunarinnar. Þar einkennist umfjöllunin af eftirfarandi niðurstöðum: „*aðrennslispípan og jarðstrengur verða niðurgrafin og munu ummerki þess hverfa á nokkrum árum þannig að þau eru ekki talin hafa áhrif á landslagsheildir á svæðinu“ (bls 84) og „[...]merki um plægingu munu að öllum líkindum hverfa á tiltölulega stuttum tíma“ (bls 106). Bendir Umhverfisstofnun á að plæging strengja hafi ekki alltaf sömu áhrif á umhverfi og fer það eftir aðstæðum líkt og nánar er fjallað um hér á eftir í umfjöllun um áhrif jarðstrengs.*

Svartárvirkjun getur haft verulega neikvæð umhverfisáhrif ef ekki er vandað til verka hvað varðar hönnun mannvirkja og vinnubrögð við frágang svæðis að mati Umhverfisstofnunarinnar.

Náttúruvernd, gróður, jarðmyndanir og jarðminjar

Umhverfisstofnun telur að ef til framkvæmda komi þurfi að vanda sérstaklega við frágang niðurgrafinnar aðrennslispípu, fyllingar í Grjótá og gerð frárennslisskurðar til að vernda og endurheimta gróðurþekju. Umhverfisstofnun undirstrikar mikilvægi þess að jarðvegur sé aldrei skilin eftir opinn vegna hættu á að fræfjöldi og svarðlag tapist við jarðvegsrof sem dregur úr gæðum jarðvegs. Þá skal reyna að notast við staðargróður við uppgræðslu skurða svo yfirborð komist í jafnt horf eftir framkvæmd. Hér vísar Umhverfisstofnun sérstaklega til aðrennslisskurðar þar sem um ræðir 3,1 km skurð >3 m að breidd. Sé vandað til verka við frágang skurða er hægt að verulega draga úr umhverfisáhrifum á yfirborðsgróður, að mati Umhverfisstofnunar, og ítrekar stofnunin mikilvægi þess til að lágmarka neikvæð áhrif á þennan hátt.

Umhverfisstofnun bendar á að aðrennslispípan mun liggja yfir viðkvæm svæði líkt og hallamýrar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki gerð fullnægjandi grein fyrir nauðsyn þess að aðrennslispípan liggja í gegnum svæði sérstakrar verndar sbr. orðalag 61 gr. Þá telur stofnunin að gott væri að sýna afmörkun hallamýra á virkjunarsvæði svo auðveldlega sjáist hvar lega aðrennslispípu hefur áhrif á votlendi. Slíkt kort er hægt að vinna úr vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) en mynd 5.8 í frummatsskýrslu (sjá bls 45) sýnir allar vistgerðir og því erfitt að greina einungis dreifingu yfirflokka líkt og votlendis. Eins og bent var á í umsögn Umhverfisstofnunar við matskyldufyrirspurn, frá 5. janúar 2016, er frágangur gróðurlendis erfiðastur í algrónum hallamýrum. Í frummatsskýrslu segir um lagningu aðrennslispípu: „*Reynt verður að þetta í kringum pípuana með dúk og leirtöppum þar sem leið hennar liggur um votlendi, en á móti því landi sem þornar verður votlendi endurheimt í samráði við sveitarfélagið, samanber leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Skoðað var að flytja aðrennslispípuana ofar í land til að reyna að sneiða hjá hluta votlendisins en slík færsla myndi þýða að grafa þyrfti pípuana dýpra niður sem aftur kallar á meira rask á yfirborði*” (bls. 49). Umhverfisstofnun telur vert að kanna hvort þessi aðferð hlífi votlendi betur þrátt fyrir meira jarðrask þar sem rask á vernduðum vistkerfum líkt og votlendi ber að forðast í hvítvetna. Að mati Umhverfisstofnunar verða áhrif á gróður votlenda, þar sem grunnvatnsstaða lækkar, talsvert neikvæð. Þá telur stofnunin að mótvægisáðgerðir, í formi endurheimt votlendis, séu nauðsynlegar til að vega upp á móti þeim umhverfisáhrifum sem verða við lagningu aðrennslispípu. Þá er mikilvægt að þær áðgerðir verði í samráði við sveitafélagið og Umhverfisstofnun líkt og kemur fram í frummatsskýrslu. Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaraðilum á skýrslu samráðshóps (2016) „Endurheimt votlendis. Aðgerðaráætlun“ þar sem finna má leiðbeiningar endurheimtar og tillögur samráðshópsins byggt á bestu aðgengilegri tækni.

Umhverfisstofnun vísar til uppgræðslu frágangs við framkvæmdir Landsvirkjunar við Þeistareykjavirkjun sem dæmi um góð vinnubrögð við frágang raskaðs jarðvegs og hvetur framkvæmdaraðila að kynna sér þær aðferðir við frágang framkvæmda aðgengilegt í skýrslu Landsvirkjunar (2017) „Þeistareykjavegur nyðri og virkjunarsvæði Þeistareykjavirkjunar. Uppgræðslu-áðgerðir 2016 og áætlaðar áðgerðir 2017“. Varðandi frágang efnistökusvæða bendir Umhverfisstofnun á heimasíðuna www.namur.is, undir „Efnisvinnsla og frágangur á námum“ þar sem má finna gagnlegar upplýsingar um efnistöku, frágang efnistökusvæða og uppgræðslu.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir Svartárvirkjunar muni hafa í för með sér verulega neikvæð staðbundin umhverfisáhrif á vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd. Þetta er annars vegar röskun á 0,05 ha svæði Bárðardalshrauns við gerð inntaksstíflu og hinsvegar, líkt og lýst er að ofan, röskun á votlendis vistkerfi stærri en 2 ha við gerð aðrennslispípu og mögulega jarðstrengs. Umhverfisstofnun tekur því ekki undir niðurstöðu frummatsskýrslu um óveruleg áhrif framkvæmda á vernd, líkt og segir í samantekt: „*Metin áhrif framkvæmda við Svartárvirkjun og lagningu rafstrengs á vernd eru metin óveruleg með tilliti til heildarsvæðisins en áhrifin verða staðbundin, nokkuð til talsvert neikvæð og óafturkræf þar sem aðrennslispípan verður lögð í votlendi sem nýtur verndar*”. Þó er niðurstaða Umhverfisstofnunar sú að leitast sé við að takamarka eins og unnt er röskun á Bárðardalshrauni, auk þess er hraunið ekki ósnert svæði og því með skert verndargildi. Þar með er það mat Umhverfisstofnunar að heildarumhverfisáhrif framkvæmda á hraunið verði ekki umtalsverð sé vinnusvæði lágmarkað eftir bestu getu. Stofnunin tekur undir það sem segir í frummatsskýrslu að áhrif á votlendi séu talsvert neikvæð.

Í frummatsskýrslu kemur fram að framkvæmdir Svartárvirkjunar eru á jaðri svæðisskipulags hálandis. Að mati Umhverfisstofnunar er auk þess vert að benda á að staðsetning virkjunar er nálægt vatnsverndarsvæði Laxár og Mývatns. Þá vekur stofnunin athygli á að í frummatsskýrslu er aðeins minnst á þessa nálægð verndarsvæðis m.t.t. legu jarðstrengs yfir svæðið (tillaga 1). Umhverfisstofnun bendir á skv. 54. grein náttúruverndarlaga um starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, skal taka mið af þeim áhrifum sem slíkar framkvæmdir hafa á verndargildi slíkra svæða, við leyfisveitingu. Áður en slík leyfi eru veitt er skylt að leita umsagnar Umhverfisstofnunar. Þrátt fyrir að Mývatn og Laxá séu vernduð með sérstökum lögum og hafi þannig annan lagagrundvöll en friðlýsingu skv. lögum um náttúruvernd telur stofnunin rétt að líta til þessara sjónarmiða. Að mati stofnunarinnar mun Svartárvirkjun draga úr verndargildi svæðisins, sem er á jaðri hálandis og vatnsverndarsvæðis, með tilkomu mannvirkja á stærri gráðu en þau sem fyrir eru. Hins vegar hefur breyting svæðisins, frá landbúnaðarsvæði yfir í nýtingu fyrir orkuiðnað, minni áhrif á verndargildið en ef um ósnortið svæði væri að ræða.

Umhverfisstofnunin telur jákvæðan nýjan valkost frummatsskýrslu um lagningu jarðstrengs meðfram Bárðardalsvegi eystri (844) norður að Kálfborgará (valkostur 2) með tilkomu nýs tengivirkis. Sú tillaga felur í sér umtalsvert minni umhverfisáhrif þar sem leiðin liggur í veghelgunarsvæði og því ekki verið að skapa nýtt mannvirkjasvæði með plægingu auk þess sem hún er 25 km styttri. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem skurður verður grafin fyrir jarðstreng, þar sem plæging hentar illa, þarf að vanda við frágang skurða á sama hátt og við aðrennslisskurð.

Í frummatsskýrslu kemur fram að talið er að niðurplæging jarðstrengs, samkvæmt tillögu 1, hafi óveruleg áhrif á gróður og vatnafar á 46,8 ha (468.000 m²) áhrifasvæði. Umhverfisstofnun vekur athygli á að úttekt sem framkvæmdaraðili óskaði eftir frá NÍ feli ekki í sér mat á því hver verða áhrif jarðstrengs á gróðurfar á leiðinni heldur aðeins gróðurkort og gróðurfarslýsingu á lagnaleið (sjá viðauka 6, bls 5). Stofnunin vekur einnig athygli á að sú greinagerð var aðeins unnin út frá fyrirliggjandi gögnum. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi ekki kannað áhrif strenglagningar (skv. tillögu 1) á gróður í frummatsskýrslu með fullnægjandi hætti og því ríki óvissa um áhrif á þann umhverfisþátt. Ekki fjallað sérstaklega um þessi áhrif jarðstrengs í kafla um mat umhverfisáhrifa á gróður fyrir utan niðurstöðuna: „Í heildina eru áhrif strengs á gróður á strengleið metin óveruleg“ (bls 50), Umhverfisstofnun telur óumflýjanlegt þegar áhrif tillögu 1 eru metin að fjalla betur um áhrif á gróður. Stofnun dregur jafnframt í efa að plæging jarðstrengs eftir tillögu 1, muni hafa lítil áhrif á gróður og jarðvegsþekju á Fljótsheiði og Laxárdalsheiði þar sem um ræðir 98% gróið land, með 83% algróna og samfellda gróðurþekju, samkvæmt gróðurfarsúttekt NÍ. Hægt er að benda á plægingu jarðskauta háspennulínu frá Kröflu að Þeistareykjum sem sýna að plæging getur haft mikil áhrif í för með sér á sumum svæðum. Umhverfisstofnun bendir hér sérstaklega á viðkvæm svæði líkt og mólendi og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum líkt og votlendi. 61 gr. náttúruverndarlaga líkt og áður sagði og samkvæmt frummatsskýrslu er flatarmál votlendis á strengleið (tillaga 1) 47.450 m² og áhrifasvæði því yfir þeim 20.000 m² stærðarmörkum sem 61. gr. nvl. gerir ráð fyrir. Í 3. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd segir: „Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til“. Umhverfisstofnun telur að votlendi yrði einnig fyrir röskun við framkvæmd strenglínú eftir valkosti 2 líkt og frummatsskýrsla tekur fram. Auk þess bendir stofnunin á að skv. 2. ml. 6. gr. laga um náttúruvernd skal

við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Umhverfisstofnun metur heildar umhverfisáhrif umtalsvert minni fyrir strengleið 2 þar sem um ræðir fyrirleggjandi veghelgunarstæði en ekki gróna heiði líkt og áður sagði. Því telur Umhverfisstofnun mun verri kost að leggja jarðstreng skv tillögu 1 þar sem ekki er brýn nauðsyn á nýtingu þessarar leiðar heldur getur lagning jarðstrengs verið eftir vegi samkvæmt valkosti 2. Auk þess liggur lega rafstrengs í tillögu 1 innan vatnsverndarsvæðis Mývatns og Laxár og innan þess svæði sem tilgreint er sem Ramsasvæði líkt og tekið er fram í frummtsskýrslu. Umhverfisstofnun tekur því undir það sem fram kemur í frummtsskýrslu um að umhverfisáhrif á jarðstrengslagningu norður Bárðardalinn samkvæmt tillögu 2 séu óveruleg og því ætti sú leið að vera valin.

Vatnafar og lífríki í Svartá

Líkt og kemur fram í frummtsskýrslu er Svartá þekkt fyrir að vera steinefnaríkt með háa rafleiðni. Hafrannsóknarstofnun telur að rennslisskerðing Svartár neðan stíflu muni leiða til minnkandi framburðargetu (sjá viðauka 2 bls 12). Umhverfisstofnun telur framkvæmdaraðila ekki tilgreina nógu skýrt í frummtsskýrslu hvað liggja að baki ákvörðun um 3 m³/s sem gert er ráð fyrir að verði viðhaldið lágmarksrennsli á áhrifakafli Svartár. Líkt og kemur fram í minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar (sjá viðauka 2 bls 7) verður metin búsvæðaskerðing áhrifasvæðis Svartár milli 48-58% ef haldið er 2,2-3,3 m³/s lágmarksrennsli. Umhverfisstofnun telur skorta umfjöllun um forsendur þess að gert er ráð fyrir svo litlu lágmarksrennsli en fram hefur komið í mati Hafrannsóknarstofnunar verður verði hlutfallsleg búsvæðaskerðing aðeins um 37% við 5 m³/s lágmarksrennsli. Þar með er mat Umhverfisstofnunar að við 3 m³/s lágmarksrennsli verði skerðing botnflatar of mikil, eða allt að um 60%, þó svo flæði árinna aukist ofan móta Grjótár. Rennslisskerðing mun hafa nokkuð til talsvert neikvæð staðbundin áhrif á lífríki Svartár, m.a. botndýra og laxfiska líkt og urriða, og því mikilvægt að lágmarka búsvæðaskerðingu eftir bestu getu að mati Umhverfisstofnunar ef til framkvæmda komi.

Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 sem hefur breytt lagaumhverfi nýrra virkjana. Sérstaklega er minnt á ákvæði 13. gr. laganna um manngerð og mikið breytt vatnshlot og 18. gr. laganna sem tiltaka að Umhverfisstofnun sé heimilt að leyfa breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að umhverfismarkmiðum verði ekki náð nema að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Vöktunaráætlun virkjunarinnar þarf einnig að taka mið af þessum nýju kröfum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að lágmarka áhrif virkjunar á vatnalíf með mótvægisáðgerðum. Þar með styður stofnunin áform um fiskveg framhjá stíflu og framkvæmd sem líkir eftir náttúrulegum farvegi sem álitlegasta kosti. Einnig undirstrikar Umhverfisstofnun mikilvægi áforma um lagfæringar á farvegi árinna sem auðveldar far fiska um brattasta kafla áhrifasvæðis.

Umhverfisstofnun vísar í mat verkefnastjórnar rammaáætlunar úr lokaskýrslu 3. áfanga (2016), á verndargildi svæðisins hvað varðar lífríki. Fram kemur mat á áhrifum virkjana á lífríki vatnasviðs Skjálfandafljóts, þ.á.m. Svartá. Verkefnastjórn rammaáætlunar lagði mat á áhrif umhverfispátta við fjóra virkjunarkosti Skjálfandafljóts og var í matinu vísað til vatnasvæðis fyrirhugaðrar Svartárvirkjunar. Þar segir um fiskalífriki: „*Mjög sterkur staðbundinn urriðastofn í Suðurá/Svartá. Fjölbreyttir laxfiskastofnar neðarlega í kerfinu. Óvenjulegt miðað við jökulvatn, draga- og lindaáhrif*“ (bls 265). Ennfremur var talið að

virksmyndir valda: „*Röskun lífríkis fiska vegna [...] breytinga á farvegi Svartár*“. Þá er einnig minnst á óvenjulega tegundaauði smádyra á svæðinu og að áhrifin væru: „*Algjör breyting á smádyrasamfélögum vegna lóns og þurrkunar á farvegum, sérstaklega Svartá*“ (bls 266).

Umhverfisstofnun telur áhrif framkvæmda á vatnalíf Svartár verði nokkuð til talsvert neikvæð. Stofnunin mælist með því að ofangreind atriði um 5 m³/s lágmarksflæði, fiskvegur og lagfærður árfarvegur, verði tekin til greina ef til framkvæmda kemur við Svartárvirkjunar til að lágmarka neikvæð áhrif á lífríki þ.e. að: „*Leitast skal við að ná sem bestu vistmegni*“ líkt og kveður á um í 13 gr. ofangreindra laga um stjórna vatnamála.

Fuglalíf

Líkt og kemur fram í frummatsskýrslu verða húsundur og straumendur fyrir mestum áhrifum á rekstartíma og möguleg truflun verður á fálkavarpi á framkvæmdartíma. Þessar þrjár tegundir eru allar flokkaðar í forgang hvað varðar vöktun, líkt og kemur fram í úttekt Guðmundar A. Guðmundssonar og Kristins Hauks Skarphéðinssonar um vöktun íslenskra fuglastofna (2012) fyrir NÍ, og hefur húsönd þar sérstakt verndargildi vegna vægi stofnsins á Íslandi. Umhverfisstofnun tekur undir það sem segir í frummatsskýrslu um að verst séu áhrif á húsundur. Stofnunin telur hins vegar að í frummatsskýrslu sé dregið úr þeim neikvæðu áhrifum sem gera má ráð fyrir að virksmyndir muni hafa á stofn húsanda. Áætlaður fjöldi húsanda sem heldur til við vatnasvið Suðurár og Svartár er hlutfallslega mikilvægur fyrir stofninn á landsvísi, eða um 6%, og því hefur svæðið talsvert verndargildi að mati Umhverfisstofnunar. Stofnunin telur stofninn sérstaklega viðkvæman þar sem dreifing hans er takmörkuð við Norðausturland, auk þess sem tegundin er á valista NÍ (2000) og því viðkvæm fyrir búsvæðisskerðingu. Auk þess kemur fram í athugunum Náttúrustofu Norðausturlands að ólíkt straumöndinni, byggir húsöndin afkomu sína á vatnasviði Suðurár og Svartár allt árið um kring (sjá viðauki 4 bls 13) og þær halda aðallega til við neðan Svartárgils sem er utan áhrifasvæðis en innan vatnasviðs framkvæmda. Hér er tekið undir það sem fram kemur í frummatsskýrslu um að Ísland sé ábyrgðarland fyrir stofna straumanda og húsanda. Náttúrustofa Norðausturlands telur framkvæmdir Svartárvirkjunar geti haft neikvæð áhrif á stofnstærð húsanda, bæði á svæðinu og á landsvísi (sjá viðauki 4 bls 13). Í ljósi ofangreindra þátta, telur Umhverfisstofnun umhverfisáhrif sem Svartárvirkjun kann að valda á fuglalíf Svartár vera verulega neikvæð.

Annað

Umhverfisstofnun gagnrýnir orðalag sem ítrekað kemur fram í frummatsskýrslu þar sem smækkun áhrifa framkvæmda er fengin með því að víkka stærð svæðis sem horft er til. Þá er sérstaklega bent á kafla um áhrif framkvæmda á gróður. Sbr. á bls 128: „*Áhrif á gróður eru metin nokkuð til talsvert neikvæð, staðbundin á virksmyndarsvæðinu og óafturkræf en óveruleg þegar horft er til stærra svæðis s.s. á strengleidinni*“. Umhverfisstofnun telur ekki rétt að draga úr ætluðum áhrifum á virksmyndarsvæðinu með því að vísa til þess að áhrif á strengleidinni séu óveruleg. Jafnframt ítrekar stofnunin það mat sitt að mat á áhrifum á gróður á strengleidinni sé ekki fullnægjandi. Hið sama má sjá gert í umfjöllun áhrifa á vatnalíf þar sem segir: „*Þá má áætla að skerðing framleiðslueininga geti orðið um 11% fyrir Svartána í heild sinni, en á áhrifasvæðinu neðan stíflunnar má gera ráð fyrir að hlutfallsleg skerðing framleiðslueininga verði allt að 37%*“ (bls 69). Áhrif framkvæmda skulu metin á það svæði þar sem þeirra gættir hverju sinni. Ef slíkt er ekki gert, t.a.m. með víkkun svæðis sem litið er til, er hætt á að umhverfisáhrif framkvæmda verði stórlega vanmetin.

Umhverfisstofnun bendir á að í frummatsskýrslu koma fram ólíkar tölur um skerðingu á framleiðslueiningum á búsvæðum botndýra og laxfiska sé horft á Svartá í heild sinni, annars vegar 11% í samantekt, á blaðsíðu 69 og 71, en hinsvegar 14% í kafla 7 „Niðurstaða og heildaráhrif“. Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaraðila á að gæta samræmis í niðurstöðum. Auk þess má auka skýrleika texta með betri útskýringu á mun milli „þrýstipípu“ og „aðrennslispípu“ þar sem þá fyrrnefndu er ekki að finna á skýringarmyndum í kafla 4 né í orðskýringum. Gæta skal að því að orð séu notuð samræmt til að lýsa sömu einingum virkjunar í matsskýrslu þar sem þetta er óljóst í þessu tilfelli. Einnig er bent á að staðsetning Svartárvirkjunar er ekki rétt á mynd 2.3 á blaðsíðu 11 frummatsskýrslu. Að lokum er talað um eina vatnsvél á bls 4 en á öðrum stöðum eru vatnsvélar í fleirtölu. Framkvæmdaraðili er beðin um að nefna skýrt í matskýrslu hvort um ræðir fleiri en eina vatnsvél við stöðvarhús.

Niðurstaða

Líkt og fram kemur í frummatsskýrslu þá er uppsett afl virkjunar minna en 10 MW og fellur því ekki undir rammaáætlun. Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða var lögð fram á 146. löggjafarþingi 2016–2017, en var ekki afgreidd á því þingi. Í rammaáætlun var lagt mat á umhverfispætti í tengslum við virkjunarkosti Hrafnabjargavirkjunar A, B og C. Þó svo framkvæmd Svartárvirkjunar hafi ekki verið metin bendir Umhverfisstofnun á að í niðurstöðu verkefnastjórnar er tekin afstaða til þess vatnasvæðis sem virkjunin er fyrirhuguð á. Miðað við ofangreint má gera ráð fyrir að Svartá falli undir skilgreiningu vatnasviðs Skjálfandaflijóts þá liggur fyrir mat verkefnastjórnar rammaáætlunar, sem og þingsályktunartillaga sem umhverfis- og auðlindaráðherra lagði fyrir Alþingi, um að það vatnasvæði falli undir verndarflokk. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 48/2011 segir: „Í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu og teknu tilliti til sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr.“.

Breyting landsvæðis úr landbúnaðarlandi yfir í iðnaðarland til orkunýtingar kann að hafa neikvæð áhrif á upplifun fólks af svæðinu og landslag þess ef ekki er vandað til verka að mati Umhverfisstofnunar. Fagleg áætlun um hönnun og efnisval mannvirkja til að lágmarka skeðingu landslags er í samræmi við ábendingu Umhverfisstofnunar um mat sjónrænna áhrifa á inntaksstíflu, jöfnunarþró og stöðvarhús. Telur stofnunin að umfjöllun frummatsskýrslu um þessa þætti séu fullnægjandi en sömu vandvirkni þurfi við frágang fyllingar í Grjóttá. Umhverfisstofnun telur að Svartárvirkjun geti haft talsvert neikvæð umhverfisáhrif á ásýnd og landslag ef ekki er vandað til verka hvað varðar mótvægisáðgerðir í formi hönnun mannvirkja og almenn vinnubrögð við frágang svæðis.

Ef að framkvæmdum verður telur Umhverfisstofnun verri kost að leggja jarðstreng yfir heiðar að Laxá samkvæmt tillögu 1 og telur rétt að valkostur 2 verði fyrir valinu hvað varðar legu jarðstrengs til að forðast óþarfa rask á vernduðum vistkerfum samkvæmt lögum um náttúruvernd. Ennfremur telur Umhverfisstofnun að vanda þurfi til verka við frágang aðrennslisskurðar í gegnum viðkvæm svæði líkt og mólendi og votlendi. Þá sé mikilvægt að staðargróður sé nýttur og gróðurtorfum haldið til haga eftir bestu getu, svo viðkvæmar vistir verði fyrir takmörkuðum áhrifum framkvæmda.

Endurheimt votlendis í samræmi við það votlendi sem glatast á aðrennslisleið er til þess fallin að bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif að einhverju leyti en þó leggur stofnunin til

að kannað verði hvort lagning aðrennslisþípu geti orðið til þess að unnt sé að sneiða hjá votlendi. Mat Umhverfisstofnunar er að rask á nútímahrauni sé ekki umtalsvert sé áhrifasvæði haldið í lágmarki þar sem um ræðir svæði þar sem ummerki mannvirkja gætir fyrir. Umhverfisstofnun telur að virkjunin muni valda röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúrverndarlögum sem ber ávalt að forðast eftir fremsta megni, en með mótvægisáðgerðum er það rask ekki talið umtalsvert m.t.t. núverandi landnotkunar.

Umhverfisstofnun telur að virkjunin muni að einhverju leiti draga úr verndargildi svæðisins sem er á jaðri miðhálandis og nálægt vatnsverndarsvæði. Gera má ráð fyrir að mannvirki sem fylgja virkjuninni valdi meiri truflun en þau mannvirki sem fyrir eru hvað varðar náttúruupplifun.

Umhverfisstofnun telur jákvæð áform um fiskveg meðfram stíflu og aðlagðan farveg til að lágmarka áhrif á vatnalíf Svartár. Stofnunin tekur undir mat Hafrannsóknarstofnunar að rennslisminnkun muni hafa talsvert neikvæð áhrif á líf fiska, botndýra og valda minnkandi framburðargetu í Svartá. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að halda lágmarksrennsli árinna 5 m³/s til að lágmarka búsvæðaskerðingu.

Áhrif virkjunar að mati Umhverfisstofnunar á stofna húsandar eru verulega neikvæð, ekki aðeins fyrir stofninn sem heldur til á vatnasviði heldur mögulega á landsvísu. Þá ber einnig að vara við ófyrirsjáanlegum áhrifum breytinga á tengdum umhverfisþáttum í vistkerfi árinna á dýra- og gróðurlíf svæðisins.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir þá umhverfisþætti sem eru til skoðunar. Það sem vegur þyngst m.t.t. umhverfisáhrifa Svartárvirkjunar eru neikvæð áhrif á landslag og upplifun fólks á svæðinu, rask á vernduðu votlendi, rask á gróðri á jarðstrengsleið 1, búsvæðaskerðing áhrifasvæðis Svartár og neikvæð áhrif á stofn húsanda að mati Umhverfisstofnunar. Þrjú síðastnefndu fela í sér mesta óvissu hvað varðar áhrif, að mati stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun telur að ef að framkvæmdum verður, verði áhrif Svartárvirkjunar, eins og henni er lýst í frummatsskýrslu, á verndun nútímahrauns óveruleg í samræmi við vægiseinkunn áhrifa. Stofnunin telur áhrif virkjunar, eins og henni er lýst í frummatsskýrslu, á vatnalíf áhrifasvæðis árinna, landslag og ásýnd verði nokkuð til talsvert neikvæð í samræmi við vægiseinkunn áhrifa. Að mati stofnunarinnar eru mótvægisáðgerðir í formi fiskvegs, útlitshönnun virkjunar og staðsetningu mannvirkja, til þess fallnar að draga úr þessum áhrifum. Sé ekki vandað til verka við mótvægisáðgerðir verði þessi áhrif talsvert neikvæð að mati Umhverfisstofnunar. Hvað varðar áhrif Svartárvirkjunar, eins og henni er lýst í frummatsskýrslu, á fuglalíf og verndun votlendis, þá telur stofnunin að áhrifin verði verulega neikvæð, í samræmi við vægiseinkunn áhrifa. Að mati stofnunarinnar eru mótvægisáðgerðir í formi endurheimt votlendis nauðsynlegar. Að lokum metur Umhverfisstofnun áhrif Svartárvirkjunar, eins og henni er lýst í frummatsskýrslu, á gróðurfar á jarðstrengsleið að tillögu 1, verði talsvert neikvæð, en samkvæmt tillögu 2 verði áhrifin óveruleg, í samræmi við vægiseinkunn áhrifa.

Með vísan til þess sem að framan segir telur Umhverfisstofnun líklegt að umrædd framkvæmd hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Að lokum telur Umhverfisstofnun rétt að ítreka að miðað við þær forsendur sem tilgreindar eru í fyrirliggjandi þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, þá sé gert ráð fyrir að allt vatnasvið Skjálfandafljóts fari í friðlýsingu.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.



Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Erindi: Ósk um umsögn frá Náttúruverndarnefndar Þingeyinga um frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Svartá í Bárðardal.

Á fundi Náttúruverndarnefndar Þingeyinga þann 1. nóvember 2017 var gerð eftirfarandi bókun:

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga hefur fengið til umsagnar frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar virkjunar (allt að 9,8 MW) í Svartá í Bárðardal. Nefndin kynnti sér fyrirleggjandi gögn, fjallaði um málið og komst að eftirfarandi niðurstöðu:

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga er mjög ósammála því mati framkvæmdaraðila að áhrif virkjunar séu að mestu óveruleg til nokkuð neikvæð og að virkjunin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í sérfræðiskýrslum og tilvitnuðum heimildum kemur skýrt fram að vistkerfi það sem Svartá myndar með Suðurá og Svartárvatni á sér ekki hliðstæðu hér á landi aðra en Mývatn og Laxá. Svæðið er í raun einstakt á heimsvísu og hefur alþjóðlegt verndargildi samkvæmt þeim skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist með Ramsar- og Bernar-samningunum. Húsönd og straumönd einkenna þetta vistkerfi og er vatnasvið Svartár og Suðurár helsta búsvæði húsandar á Íslandi og í Evrópu utan Mývatns og Laxár, eitt af örfáum. Báðar tegundir eru friðaðar skv. íslenskum lögum og á Válista. Fjöldi húsanda uppfyllir alþjóðleg viðmið um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði og er vatnasvið Svartár og Suðurár eitt af 31 alþjóðlega mikilvægum votlendum og öðrum svæðum fyrir fugla inn til landsins á Íslandi skv. nýútkomnu fjölríti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Heimildir eru að auki fyrir því að vægi vatnasviðisins gagnvart húsandastofninum sé enn meira þegar fæðubrestur verður á vatnasviði Mývatns- og Laxár. Fjöldi straumanda heggur nærri alþjóðlegum verndarviðmiðum, miðað við tæplega 20 ára gamalt stofnmat. Talningar á helsta varpbúsvæði straumanda á Íslandi og í heiminum, Laxá í Mývatnssveit, benda til að straumönd hafi fækkað talsvert á undanförunum árum, sem gæti verið vísbending um að íslenski stofninn hafi dregist saman síðan stærð hans var metin. Mikilvægi Svartár fyrir straumendur gæti því verið vanmetið í frummatsskýrslunni.

Fyrirhuguð virkjun mun skerða og mjög líklega eyðileggja hluta af hentugu og um leið mikilvægu búsvæði þessara tveggja ábyrgðartegunda Íslands. Húsöndin er viðkvæmari fyrir skerðingu, enda byggir hún afkomu sína af vatnasviðinu árið um kring og hefur ekki að mörgum öðrum hentugum búsvæðum að ganga hér á landi. Í frummatsskýrslu er því ranglega haldið fram að það svæði sem raskast mun vegna virkjunarinnar sé það svæði sem síst sé mikilvægt fyrir húsendur. Í sérfræðiskýrslu Náttúrustofu Norðausturlands má sjá að hólmasvæðið neðan Svartárgljúfurs er mikilvægt húsöndum að vori og sama svæði var fjölsótt af húsöndum þegar átubrestur varð í Mývatni árið 1989. Líklega er það breytilegt milli ára og árstíma hvernig húsendur og straumendur nýta einstaka hluta vatnasviðs Svartár og Suðurár, eins og talningagögn og heimildir benda til. Í frummatsskýrslu er hins vegar ekkert fjallað um mikilvægi vatnasviðs Svartár og Suðurár fyrir húsendur að vetri til, né heldur um tengsl svæðisins við Mývatn og Laxá hvað húsandastofninn varðar. Það ber að líta á vatnasviðið og búsvæði húsanda Íslandi almennt sem eina heild, bæði í tíma og rúmi en ekki einstaka búta, þegar fjallað er um svo fágæta tegund sem húsönd er. Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir er ekki hægt að útiloka að skerðing búsvæða húsanda í Svartá, sem ráðgerð er skv. frummatsskýrslunni, geti komið niður á íslenska og um leið evrópska húsandastofninum. Að raska einstöku vistkerfi Svartár og Suðurár og þar með búsvæði fágætra

ábyrgðartegunda með þeim hætti sem ráðgert er getur aldrei talist annað en umtalsverð umhverfisáhrif að mati Náttúruverndarnefndar Þingeyinga.

Mjög skert vatnsrennsli með minna lífrænu reki og breytt efnasamsetning vatnsins um farveg milli fyrirhugaðrar stíflu og stöðvarhúss, eins og lesa má um í sérfræðiskýrslu (minnisblaði) Hafrannsóknastofnunar, mun ekki einungis leiða til afleitra fæðuskilyrða fyrir endur, heldur líka fyrir laxfiska. Óvíst er einnig hvernig skert rennsli um farveginn neðan stíflu mun hafa áhrif á fiskigengd. Losun krapa og íss framhjá stíflu að vetrum mun auka enn á þessi neikvæðu áhrif með því að þurrka upp farveginn á tímum og gæti virkjunin því hreinlega eyðilagt lífsskilyrði smádyralífs milli stíflu og stöðvarhúss. Þá mun skert rennsli að öllum líkindum gera hólma milli stíflu og virkjunar aðgengilega fyrir bæði sauðfé og ref, sem getur bæði komið niður á gróðri og fuglavarpi í hólmunum, sem ekki er lýst í frummatsskýrslu. Ekki er heldur fjallað nægilega um rofhættu sem skapast mun í hólum og við árbakka. Gröfuæfingar í árfarveginum til að reyna halda rennsli í kring um hólma eru vægast sagt gagnrýniverðar. Neikvæð áhrif á vatnalíf, fiska og endur vegna skerts rennslis um farveg Svartár neðan stíflu eru því stórlega vanmetin.

Í frummatsskýrslunni kemur fram að samkvæmt svokölluðum 0-kosti (óbreytt ástand) skapast ekki grundvöllum fyrir jákvæð samfélagsleg áhrif áhrif sem fylgja þessu verkefni. Jafnframt yrði ekki af neikvæðum áhrifum virkjunar á umhverfisþætti svo sem á landslag og lífríki í ánni og á gróður á landi. Sé litið nánar á þau jákvæðu samfélagslegu áhrif sem vísað er til vegna fyrirhugaðrar virkjunar, þá eru þau nær engin til lengri tíma þar sem orkan verður seld út úr samfélaginu. Ekki hefur verið sýnt fram á að virkjunin skapi störf í samfélaginu, svo neinu nemi, nema á byggingartíma. Í umsögn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála kemur fram að áhrif á útivistar- og náttúruferðamennsku, sem eru helstu áherslur í ferðaþjónustu á svæðinu, eru talin verða neikvæð og að virkjunin muni ekki falla að þeirri mynd sem svæðið hefur sem mannvistarlandslag með náttúru og hefðbundinn landbúnað. Slíkt getur varla talist til annars en neikvæðra samfélagsáhrifa. Einungis er því um arðbæra fjárfestingu einkaaðila að ræða, sem selja munu rafmagn inn á dreifikerfi landsins. Þegar vegin er sú framkvæmd sem lögð er fram í frummatsskýrslu á móti 0-kosti má ljóst vera hann vegur þyngra, svo miklu nemur. Fasteignagjöld til sveitarfélags og greiðslur til örfárra landeigenda geta á engan hátt réttlætt þau neikvæðu umhverfisáhrif sem framkvæmdinni fylgja og tilgreind hafa verið hér að framan.

Að framansögðu má ljóst vera að Náttúruverndarnefnd Þingeyinga telur rétt að hverfa frá framlögðum hugmyndum um virkjun Svartár í Bárðardal. Það yrði Íslendingum, ekki síst Þingeyingum sem á sínum tíma vörðu Mývatn og Laxá, mikill álitshnekkir að heimila slíka framkvæmd í ljósi sérstöðu svæðisins og ótvíræðs verndargildis. Í stað virkjunar leggur nefndin til að hafinn verði undirbúningur að friðlýsingu vatnasviðs Svartár og Suðurár.

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga

Arna Hjörleifsdóttir, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir og Þorkell Lindberg Þórarinnsson

Elín Vignisdóttir

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 8. nóvember 2017 11:21
To: Þórhildur Guðmundsdóttir; -Umhverfismal
Subject: 13322002-1-TP-0631-Framsending umsögn Skútustaðahrepps
Attachments: image002.png; image003.png

Góðan dag
Meðfylgjandi er umsögn Skútustaðahrepps.

Virðingarfyllt,

Sigurður Ásbjörnsson

Sigurður Ásbjörnsson

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
sigurdur@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Þorsteinn Gunnarsson
Sent: 8.11.2017 11:11:51
To: Sigurður Ásbjörnsson
CC: Þorkell Lindberg Þórarinsson
Subject: Umsögn Skútustaðahrepps

Skipulagsstofnun

Góðan daginn. Meðfylgjandi umsögn var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 8. nóvember 2017:

11. Svartárvirkjun: Beiðni um umsögn - 1709006

Framhald frá síðasta fundi. Erindi dags 5. september 2017 frá Skipulagsstofnun þar sem vísað er til þess að SSB Orka ehf. hafi tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um allt að 9,8 MW Svartárvirkjun í Bárðardal, Þingeyjarsveit.

Með erindinu fylgir frummatsskýrsla um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Með frummatsskýrslu fylgja teikningar og viðaukar.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/2000 óskar Skipulagsstofnun eftir að Skútustaðahreppur gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn skal umsagnaraðili á grundveli starfssviðs síns gera grein fyrir hvort hann telji að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaáðila á þeim, þörf á að kanna tiltekin atriði frekar, mótsvægisáðgerðum og vöktun.

Sjá heimasíðu Skipulagsstofnunar:

<http://www.verkis.is/thjonusta/umhverfi-og-oryggi/mat-a-umhverfisahrifum/verkefni-i-kynningu/svartarvirkjun-i-bardardal>

Á síðasta sveitarstjórnarfundum var samþykkt að leita eftir umsögn Náttúruverndarnefndar Þingeyinga um skýrsluna og óska í því samhengi eftir framlengingu á skilafresti til Skipulagsstofnunar, sem og fékkst.

Í ljósi umsagnar Náttúruverndarnefndar Þingeyinga telur sveitarstjórn Skútustaðahrepps að í frummatsskýrslu virkjunar Svartár í Bárðardal sé ekki á fullnægjandi hátt gerð grein fyrir fyrirhugaðri

framkvæmd og áhrifum hennar á umhverfi. Í ljósi líklegra neikvæðra áhrifa framkvæmdarinnar á bústofna alþjóðlega mikilvægra andastofna húsanda og straumanda og hæpnum forsendum fyrirhugaðra mótvægisáðgerða tekur sveitarstjórn undir með Náttúruverndarnefnd Þingeyinga í því að rétt sé að hverfa frá framlögðum hugmyndum um virkjun Svartár í Bárðardal. Það yrði Íslendingum, ekki síst Þingeyingum sem á sínum tíma vörðu Mývatn og Laxá, mikill álitshnekkir að heimila slíka framkvæmd í ljósi sérstöðu svæðisins og ótvíræðs verndargildis.

Þetta tilkynnist hér með. Vinsamlega staðfestið móttöku.

Bestu kveðjur,

Þorsteinn Gunnarsson


Sveitarstjóri

Skútustaðahreppur, Mývatnssveit

Hlíðavegi 6 | 660 Mývatn

Sími/Tel. (+354) 464 4163

thorsteinn@skutustadahreppur.is • www.skutustadahreppur.is



JAFNRÆÐI-JÁKVÆÐNI-TRAUST-VIRÐING

[Meðferð tölvupósts - Disclaimer](#)

From: Sigurður Ásbjörnsson [mailto:Sigurdur@skipulag.is]
Sent: 25 October 2017 14:59
To: Þorsteinn Gunnarsson <thorsteinn@skutustadahreppur.is>
Cc: Þorkell Lindberg Þórarinnsson <lindi@nna.is>
Subject: RE: Svartárvirkjun: Beiðni um umsögn

Tölvupóstur móttækinn.

Við bíðum eftir umsögnum ykkar enda brýnt að þær berist um mat á umhverfisáhrifum þessa verkefnis.

kveðja,

Sigurður Ásbjörnsson

Sigurður Ásbjörnsson

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
sigurdur@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Þorsteinn Gunnarsson [mailto:thorsteinn@skutustadahreppur.is]
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 14:57
To: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>

Cc: Þorkell Lindberg Þórarinsson <lindi@nna.is>

Subject: Svartárvirkjun: Beiðni um umsögn

Skipulagsstofnun

Sigurður Ásbjörnsson

/afrit á Þorkel formann náttúruverndarnefndar Þingeyinga

Góðan daginn. Eftirfarandi var bókað á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps í morgun:

5. Svartárvirkjun: Beiðni um umsögn - 1709006

Erindi dags 5. september 2017 frá Skipulagsstofnun þar sem vísað er til þess að SSB Orka ehf hafi tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um allt að 9,8 MW Svartárvirkjun í Bárðardal, Þingeyjarsveit.

Með erindinu fylgir frummatsskýrsla um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Með frummatsskýrslu fylgja teikningar og viðaukar.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/2000 óskar Skipulagsstofnun eftir að Skútustaðahreppur gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn samþykkir að leita eftir umsögn náttúruverndarnefndar Þingeyinga um skýrsluna og óska í því samhengi eftir framlengingu á skilafresti til Skipulagsstofnunar.

Óskað er því eftir framlengingu á skilafresti umsagnar til næsta sveitarstjórnarfundar sem er 8. nóvember n.k.

Bestu kveðjur,

Þorsteinn Gunnarsson

Sveitarstjóri

Skútustaðahreppur, Mývatnssveit

Hlíðavegi 6 | 660 Mývatn

Sími/Tel. (+354) 464 4163

thorsteinn@skutustadahreppur.is • www.skutustadahreppur.is



JAFNRÆÐI-JÁKVÆÐNI-TRAUST-VIRÐING

[Meðferð tölvupósts - Disclaimer](#)